

Því úrskurðast:

Uppboðsafsál skal gefið út fyrir fasteigninni Viðjugerði 8 til sóknar-
aðilja, Tómasar Zoëga.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 29. september 1983.

Nr. 53/1983. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn

Hallgrími Inga Hallgrímssyni

(Örn Clausen hrl.).

Sýknað af ákæru um tilraun til manndráps. Líkamsárás samkv. 2. mgr. 218. gr. alm. hegningarlaga. Tilraun til nauðgunar. Brot gegn 1. mgr. 220. gr. alm. hegningarlaga. Þjófnaðar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur Jónsson og Sigurgeir Jónsson.

Ríkissaksóknari hefur með stefnu 15. febrúar 1983 áfrýjað máli þessu til Hæstaréttar samkvæmt 175. gr., 1. mgr., 1. tl., laga nr. 74/1974 refsingu til þyngingar. Krefst hann þess, „að ákærði verði sakfelldur samkvæmt ákæru og að refsing hans verði ákveðin eigi undir 12 ára fangels.“

Ágrip barst Hæstarétti 28. júní 1983.

Verjandi krefst þess, að ákærða verði aðeins refsað samkvæmt 218. gr. og 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en sýknaður af ákæru fyrir brot á 194. gr., sbr. 20. gr., og 211. gr., sbr. 20. gr., og 202. og 220. gr. almennra hegningarlaga. Þá krefst hann þess, að sér verði dæmd málsvarnar- og réttargæslulaun.

I.

Eftir uppsögu hins áfrýjaða dóms hefur Læknaráð að ósk ríkis-saksóknara látið uppi álit á niðurstöðum í álitsgerð Karls Strand geðlæknis um geðhagi og sakhæfi ákærða. Í ályktun ráðsins 8. júní 1983 er fallist á niðurstöður læknisins.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lagt fram vottorð Stefáns Skaftasonar yfirlæknis, dags. 20. september 1983, um heilsuhagi A. Segir þar, að niðurstöður heyrnarrannsóknar, sem fram fóru dag þann, er vottorð var samið, séu „að heita má nákvæmlega eins“ og þær, er greinir í vottorði yfirlæknisins 18. nóvember 1982, sem rakið er í héraðsdómi. Þá segir svo m. a. í vottorðinu: „Ég er sannfærður um, að þessa heyrnarskemmd má rekja til áðurnefnds höfuðáverka, og byggji ég það af (svo) reynslu minni af niðurstöðum á heyrnar-rannsóknasjúklingum, er hlotið hafa slíka höfuðáverka.

Auk þess vil ég geta þess, að A fékk lömun í vinstri andlitshelming vegna höfuðkúpabrotsins, en við það skarst í sundur andlits-taugin á leið sinni í gegnum miðeyra.

Gerðar voru tvær aðgerðir á sjúklingi til að tengja saman taugar-enda, önnur af undirrituðum hér á Íslandi, en hin í Ameríku. Við skoðun í dag virðist komin töluverð hreyfing í kringum vinstra munnvik og vinstra auga, en engin í enni við megin, og hafa því aðgerðir þessar borið allgóðan árangur.

Þess er aftur á móti ekki að vænta, að heyrn sjúklings batni mið-að við það, sem nú er í dag, og tel ég heyrnarskerðingu þá, er A varð fyrir við áðurnefndan áverka, valda henni allnokkrum erfið-leikum við skynjun máls, sérstaklega í margmenni.“

II.

Samkvæmt sakargögnum er ákærði sannur að sök um hrotta-fengna og stórfellda líkamsárás og misþyrmingu á stúlkunni A, sem þá var aðeins 15 ára gömul.

Er læknisgögnum um hinar afdrifaríku og sumpart varanlegu af-leiðingar atlögunnar fyrir heilsu stúlkunnar rækilega lýst í héraðs-dómi, sbr. og læknisvottorð það, er greinir hér að framan.

Fallast ber á það mat héraðsdómara, að varhugavert sé að telja, að með ákærða hafi búið sá ásetningur að verða stúlkunni að bana eða að langlíklegast hafi mátt telja, svo sem málið horfði við

ákærða, að líkamsárásin mundi hafa dauða stúlkunnar í för með sér. Ber samkvæmt því að staðfesta héraðsdóm um sýknu af ákæru fyrir brot á 211., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Staðfesta ber niðurstöðu héraðsdóms um sakfellingu samkvæmt 218. gr., 2. mgr., sömu laga, sbr. lög nr. 20/1981, 11. gr., er gengu í gildi 1. október 1981, svo og varðandi brot á 220. gr., 1. mgr., almennra hegningarlaga.

Ákærði hefur sjálfur lýst því í skýrslum sínum, að hann hafi ætlað sér að komast yfir stúlkuna, en hafi orðið ofsareiður, er hún vildi ekki þýðast hann. Þá lýsir hann því einnig, þ. á m. í dóm-skýrslu, að hann hafi haft tilburði til að hafa samfarir við stúlkuna, er hún var orðin rænulaus. Eru skýrslur hans um þetta þó að vísu hvarflandi og tímaröð atburða óviss. Gögn um það, hvernig stúlkann var útleikin, mjög blóðug og særð, m. a. á brjóstum og kynfærum, og nærbuxur teknar niður um hana og hún klæðlítill að öðru leyti, svo og önnur verksummerki samkvæmt vettvangskönnun veita því mikla stoð, að ákærði hafi haft tilburði til að eiga samfarir við stúlkuna að óvilja hennar. Frá þessari fyrirætlun sinni hvarf hann af ástæðu, sem hann greinir og um getur í héraðsdómi. Þegar allt þetta er virt, þykir atferli ákærða einnig varða við 194. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga.

Með játningu ákærða, sem styðst við önnur sakargögn, þykir sannað, að ákærði hafi gerst sekur um brot á 244. gr. almennra hegningarlaga með verknaði þeim, er lýst er í ákæru.

Með vísan til álitserðar geðlæknis og sálfræðings og staðfestingar Læknaráðs á niðurstöðum geðlæknis verður að telja ákærða sakhæfan.

Við ákvörðun refsingar ber að líta til þess, að ákærði gerðist sekur um stórfellda og stórháskalega líkamsárás, þar sem beitt var hættulegu verkfæri gegn viðkvæmum líkamshlutum og högg greidd í höfuð árársþola með grjóti. Hann skildi stúlkuna eftir á afviknum stað á vetrarkveldi, klæðlitle, mjög særða og rænulausa. Ráðstafanir þær, er hann gerði til þess, að sjúkralið yrði kvatt á vettvang, voru ónógar, og ekki gekk hann úr skugga um, hvort þær hefðu komið að haldi. Við refsíákvörðun ber að taka tillit til sakaferlis hans, sem lýst er í héraðsdómi. Þykir refsing hans með vísan til þessa og 77. gr. almennra hegningarlaga hæfilega ákveðin í hin-

um áfrýjaða dómi, en gæsluvarðhaldsvist, er ákærði hefur sætt óslitið frá 6. desember 1981, á að koma refsivist hans til frádráttar, sbr. 76. gr. almennra hegningarlaga. Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað á að vera óraskað.

Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 15.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns hér fyrir dómi, 15.000.00 krónur.

D ó m s o r ð:

Refsiákvörðun héraðsdómara á að vera óröskuð, en gæsluvarðhaldsvist ákærða, Hallgríms Inga Hallgrímssonar, óslitið frá 6. desember 1981 á að koma refsivist til frádráttar. Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað á að vera óhaggað.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 15.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 15.000.00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 7. desember 1982.

Ár 1982, þriðjudaginn 7. desember, er í sakadómi Reykjavíkur, sem háður er í Borgartúni 7 af Jóni A. Ólafssyni sakadómar, kveðinn upp dómur í máli nr. 483/1982: Ákærvaldið gegn Hallgrími Inga Hallgrímssyni, sem tekið var til dóms 15. f. m.

Málið var höfðað með ákæru, dagsettri 29. júlí sl., gegn „Hallgrími Inga Hallgrímssyni, Þverholti 18 E, Reykjavík, fæddum þar í borg 20. júlí 1953, fyrir eftirgreind hegningarlagabrot:

I. Fyrir tilraun til manndráps, líkamsárás og tilraun til nauðgunar með því að hafa á tímabilinu kl. 20 — 22 föstudagskvöldið 4. desember 1981 veist með hrottafengnum og lífshættulegum hætti að stúlkunni A, Reykjavík, fæddri 1966, á lóðinni og í skúr við húsið Þverholt 18 B í Reykjavík, en þangað hafði ákærði fengið stúlkuna til að fylgja sér, barið hana með steini nokkur högg í höfuðið, þannig að hún missti rænu, stungið hana með skrúfjárn stungur í höfuð og andlit og á brjóst og læri, rífið hana úr öllum fötum nema nærskyrtu og haft í frammi tilburði til samfara við hana rænulausa, borið logandi kveikjara að kynfærum hennar og brjóst-

um, en yfirgefið hana síðan rænulausa, liggjandi úti, þar sem hitastig var lítið eitt yfir frostmarki, og eigi gert neinar viðhlítandi ráðstafanir til þess að tilkynna um ástand hennar, sem til þess leiddi, að stúlkan fannst af hreinni tilviljun og var ekki flutt á sjúkrahús fyrr en um kl. 02 um nóttina. Við skoðun á Slysadeild var ástand hennar og ákomur með eftirgreindum hætti: Hún var rænulaus, og hiti mældist neðan við 34° C, alblóðug í andliti og á höfði og með skurði og sár á vinstri kinn, enni og í hnakka og aftan við eyra, sem var tætt og marið. Allur hægri andlitshelmingur var marinn og blár, og þar voru um það bil 19 lítil stungusár og áverki og blæðing á hægri auga. Roðarendur voru á hálsi og á vinstra brjósti, og upp frá því voru 21 stungusár, og framan á vinstra læri, litlu neðan við nára, 5 stungusár. Á vinstri geirvörtu og á bletti út frá henni, á kynfærum og á innanverðum báðum lærum voru brunasvæði með III° bruna. Skrámur, marblettir og fleiður voru á vinstri fæti og hægri hendi og úlnlið, og vinstra lunga var samanfallið. Á langri sjúkrahúsvist undirgekkst hún margar skurðaðgerðir, þ. á m. vegna heyrnardeyfu svo og æðaskemmda í höfði og lömunar í andliti, en þær afleiðingar atlögunnar auk ýmissa annarra munu varanlegar.

Atferli ákærða telst varða við 211. gr., sbr. 1. mgr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, 2. mgr. 218. gr. sömu laga, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981 um breyting á þeim lögum, 194. gr., sbr. 1. mgr. 20. gr., og 1. mgr. 220. gr. almennra hegningarlaga.

II. Fyrir þjófnað með því að hafa aðfaranótt fimmtudagsins 3. desember 1981 brotist inn í Safnarabúðina, Frakkastíg 7 í Reykjavík, og stolið 260 segulbandsspólum (kasettum) með tólist, einu útvarps- og segulbands-tæki og peningakassa.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga.

III. Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta, ef krafist verður, og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Af hálfu ákærða eru gerðar þær kröfur í málinu, að hann verði sýknaður af ákæru um tilraun til manndráps og nauðgunar og brots á 220. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en hann verði aðeins dæmdur í vægustu refsingu, sem lög leyfa, fyrir brot á 218. gr. og 244. gr. laganna. Þá er þess krafist, að verjandanum verði dæmd hæfileg réttargæslu- og málflyttingslaun.

Í skýrslu Þórs Gunnlaugssonar lögregluþjóns segir að kl. 2235 laugardaginn 5. desember 1981 hafi ölvaður maður hringt á slökkvistöðina og tilkynnt um mann, illa á sig kominn, sem lægi í götunni við Þverholt 18. Sjúkrabifreið og lögreglubifreið fóru á vettvang. Þrátt fyrir ítrekaða leit í Þverholti og á Rauðarárstíg fannst enginn maður. Því var talið, að um gabb væri að ræða.

Í sömu skýrslu segir, að kl. 0155 næstu nótt hafi Andrés Sigurðsson, Þverholti 18 A, fæddur 6. júní 1953, tilkynnt lögreglunni, að mikið slösuð stúlka væri í skúr við hús nr. 18 í Þverholti. Á vettvangi vísaði Andrés lögreglumönnum á stúlku, sem lá á hurð, að mestu inni í skúr, en fætur voru þó rétt utan við dyragættina. Gluggaplast hafði verið breitt yfir blóðugan líkama hennar, sem var að mestu nakinn. Andlitið var mjög illa farið og korraði í stúlkunni. Hún var mjög köld viðkomu og kynfæri hennar blóðug. Lögreglumennirnir hlúðu að rænulausri stúlkunni eftir föngum og óskuðu eftir sjúkrabifreið. Stúlkunni virtist hafa verið nauðgað, þar sem fót hennar voru bæði í skúrnum og fyrir utan hann auk fleiri muna, svo sem lítils skrúfjárnns með rauðu skafti.

Ákærða í málinu hafði verið sleppt úr fangageymslu lögreglunnar kl. 2239 3. s. m., og minnst fangavörður þar, Steinunn Hansdóttir, þess, að ákærða voru við brottför afhent tvö lítil rauð skrúfjárn. Ákærði var þá þegar eftirlýstur, og var hann fljótlega handtekinn í Pósthússtræti. Ákærði var með blóðbletti á buxum og höndum, svo og var hann aurugur. Hann hafði meðferðis skrúfjárn sömu tegundar og fannst á vettvangi. Einnig var hann með svokallaða tíðatappa og kvenúr af gerðinni Jacuet Doros nr. 1848. Ákærði var færður til blóðtöku kl. 0400.

Rannsóknarlögreglu ríkisins var tilkynnt um atburðinn kl. 0200. Sigurbjörn V. Eggertsson gerði skýrslu um athugun á vettvangi. Í henni segir: „Umræddur skúr er járnslégginn timburskúr, suð—austan við húsið Þverholt 18 A, og er hann sambyggður öðrum skúr.

Gengið er inn í skúrinn á vesturhlið, og er mikið af alls konar drasli í skúrnum og hann sjáanlega í óhirðu og löngu búið að brjóta hurðina af lömum. Hurðin liggur ofan á drasli inni í skúrnum, og stendur annar endi hennar ca. 30 cm út fyrir dyrastaf. Ofan á hurðinni og til hliðar við hana liggur stórt gluggaplast, og er það talsvert blóðugt. Mikið blóð er innst á hurðinni svo og á bútum af einangrunarplast, sem liggja á henni. Innst á hurðinni liggur píramídalagaður lófastór steinn, og er hann mikið blóðugur. Einnig er ofan á hurðinni hvítur sokkur, og er blóð á honum.

Til hægri, þegar komið er inn í skúrinn, liggur svartur öklahár hægri-fótarskór ofan á gluggaplastinu, og er hann með tveimur rennilásum sitt hvoru megin við ristina. Einnig er þar gömul og rifin vattúlpa með hettu, og er blóð í henni.

Til vinstri innan við dyrnar liggur snælda (kasetta) „The great Johnny Cash“ og litljósmynd af sjö unglíngum, og er hún blóðug.

Innst í skúrnum undir hillu á austurvegg liggur hvítur plastpoki, og er lítilsháttar blóðkám á honum. Í pokanum er ein óátekin hvítvínsflaska af tegundinni „Carmel Hock“ frá Ísrael og fjórar rafhlöður 1,5 v af tegundinni „National.“

Után við dyrnar er ýmiss konar drasl, en til hægri liggur á jörðinni vesti, sem rífið er í sundur að aftan. Í einum vasa vestisins er púðurdós og átekinn Camel—filter sígarettupakki og í öðrum vasa félagsskirteini, útgefið af Æskulýðsráði Reykjavíkur með yfirskriftinni „Próttheimar“ nr. 124. Á skirteinið er vélritað nafnið A, fædd '64, s.“. Hjá vestinu liggur jakki mjög óhrein, og í vasa hans er hvítur fingravettlingur.

Til vinstri utan við dyrnar er tréfleki, og ofan á honum er hvítur sokkur. Undir vestari enda flekans er tóm hvítvinsflaska sömu tegundar og sú, er fannst í plastpokanum. Þrem metrum vestan við dyrnar liggur svartur vinstri-fótarskór sömu tegundar og fannst inni. Fyrir vestan skóinn liggur grannt skúrþjál með rauðu plasthaldi.

Á suðurhlíð er glerlaus gluggi. Blóðkám er á bárujárninu neðarlega, í grasi og á stórum steini við húshlíðina.

Á austurhlíð er blóðkám á bárujárninu neðarlega og í grasi við skúrinn. Þar í litlu skoti liggur á jörðinni lítil peningabudda, „tíðatappar,“ tegund „ob,“ og græn hárgreiða nokkuð austar. Við skúrhlíðina liggur hvítur fingravettlingur, og er blóð á honum.

Skammt austan við suðurhorn skúrsins liggja tvær litlar hvítar tölur á jörðinni, og hafa þær sjáanlega verið festar með rauðum tvinna. Á jörðinni við skúrhornið liggur hnefastór steinn, og má greina ljós hár á honum.“

Sigurbjörn V. Eggertsson gerði einnig sérstakar skýrslur um lýsingu á fatnaði ákærða og stúlkunnar. Eru þær á þessa leið:

1. Lýsing á fatnaði ákærða:

„Úlpa:

Rauðbleik vatteruð nylon úlpa með hettu og rennilás að framan. Áberandi óhreinindi eru aftan á úlpunni neðst og upp á bak. Óhreinindi og litur úlpunnar gera erfitt að sjá blóð á henni, en við blóðprófun kemur í ljós, að daufar blóðstrokur eru á úlpunni neðarlega að framan, á báðum ermum hennar, við hægri öxl að framan og aftan á hægri olnboga.

Jakki:

Blár gallajakki hnepptur að framan, tegund Mako Jeans. Blóðblettir eru á vinstri kraga og framan á jakkanum ofan og neðan við efstu tölu. Blóðstrokur eru þar fyrir neðan, en þó áberandi mest 8 cm ofan við mitti.

Peysa:

Rauð langerma peysa úr acryl og ullarblöndu. Á peysunni er ekkert að sjá umfram venjulegt slit.

Buxur:

Bláar gallabuxur úr bómullarblöndu, tegund Lee. Buxurnar eru mikið blóðugar að framan frá buxnastreng niður að klofbót og niður báðar skálmur frá lærum og niður úr. Töluvert blóð er aftan á buxunum, en þó mest aftan á hægri skálm.

Nærbuxur:

Bláar stuttar bómullarnærbuxur. Blóðstroka er á miðjum streng að framan, og blóðblettir eru neðan við strenginn. (Sjá ljósmynd).

Sokkar:

Hvítir þykkir hnéháir sokkar. Sokkur hægri fótar er með tveimur áberandi blóðblettum, annar utanvert á rist, en hinn utanvert á kálfa 15 cm ofan við ökkla.

Skór:

Svartir leggháir leðurskór með rennilás innanfótar og 3 cm háum hælum. Skóstærð nr. 8. Á vinstri skó er blóð ofan á rist. Á hægri skó er blóð utan og ofan við rist.

Þar sem talað er um blóð og blóðprófun í skýrslunni, er átt við, að framan-greindir hafa gefið blóðsvörum við Leuco-Malachite Green blóðprófun.

Við handtöku var Hallgrímur Ingi með eftirtalda muni og peninga í vös-um: Svart seðlaveski með persónuskilríkjum, ísl. kr. 206.60, danskar kr. 0020, tvo gaskveikjara af tegundinni „Imco 3500“ (einnar fyllingar kveikjarar), gullitað kvennmansúr með svartri leðuról, tegund „Jaquet-Droz,“ aftan á það er nr. 1848, átekinn Chesterfield sigarettupakki, nokkrar lausar sigarettur og sigarettustubbar, brotinn eldspýtustokkur, nokkrar lausar eldspýtur ónotaðar, brotin lítil svört hárgreiða, fylling í kúlupenna, nokkrir „tíðatappar“ af tegundinni „ob,“ hulstur utan af snældu (kassettu) merkt „Country Giants,“ verðmerkt kr. 89.-, lítið skrúfjárn með rauðu haldi 12,8 cm langt, en lengd frá haldi fram á odd er 4,8 cm.“

2. Lýsing á fatnaði A:

„Að sögn lækna var A aðeins klædd í nærskyrtu við komuna í Slysadeild og hún klippt utan af henni svo og mjótt hálsbindi, sem hefði verið um háls hennar. Sokkabuxur og gallabuxur hefðu verið um annan ökkla hennar, en annar fatnaður legið laus innan í teppi, sem hefði verið utan um A. Hér á eftir fer lýsing á fatnaði A, annars vegar fatnaði, sem kom með henni í Slysadeild, og hins vegar fatnaði, er fannst á vettvangi.

Fatnaður, sem tekinn var í Slysadeild Borgarspítalans.

Nærbuxur:

Svartar nærbuxur úr teygjanlegu efni. Klofbotin er rifin úr buxunum að framan. Erfitt er að sjá blóð á buxunum, en við blóðprófun kom í ljós, að blóð er til staðar í buxunum að framan.

Nærbolur:

Gráblár stuttermá nærbolur, sem klipptur var utan af A í Slysadeild Borgarspítalans. Bolurinn er mikið blóðugur að framan og aftan. (Sjá ljósmynd).

Hálsbindi:

Svart mjótt hálsbindi, sem klippt var sundur í Slysadeild Borgarspítalans.

Bindið er mikið blóðugt.

Skyrta:

Rauðbleik skyrta, stuttermá með litlum kraga úr „polyester“ og bómullarefni. Skyrta er hneppt að framan með 7 tölum, og vantar allar tölurnar nema þá neðstu, og er hún saumuð á skyrtauna með rauðum þræði. Skyrta er alblóðug að aftan og framan frá hálsi og niður úr. (Sjá ljósmyndir).

Sokkabuxur:

Bláar sokkabuxur úr „nylon“ teygjuefni. Nokkrar blóðstrokur eru í buxunum að framan, aðallega hægra megin um 8 cm fyrir neðan mitti.

Buxur:

Ljósar tvílitlar gallabuxur úr bómullarefni, tegund Lee Cooper. Buxurnar eru mjög óhreinar og blóðugar. Áberandi mest blóð er vinstra megin í streng að framan og framan á hægra læri. Einnig eru buxurnar blóðugar að aftan, mest á vinstra læri. Saumspretta er á 10 cm löngum kafla innanvert á hægri buxnaskálm, 2 cm frá klofbót.

Hér á eftir fer lýsing á fatnaði, sem fannst á vettvangi:

Sokkar:

Hvítir þykkir ökklaháir sokkar. Blóð er á báðum sokkunum. Ofan við hæl og aftan til á öðrum þeirra eru blóðstrokur. Áberandi meira blóð er á hinum sokknum (þeim er fannst inni í skúrnum), en á honum er blóðblettur ofan á rist og blóðstrokur aftan á.

Fingravettlingar:

Hvítir þrjónaðir fingravettlingar úr ullarefni. Á vinstri handar vettling (sem fannst austan við skúrinn) eru blóðblettir lófamegin á stroffi og niður á handarjaðar. Ekkert athugasvert er að sjá á hægri handar vettling (sem fannst í hægri jakkavasa A, en jakkinn fannst á jörðunni vestan við skúrinn).

Vesti:

Dökkt vesti með gráum röndum (langröndótt) úr klæði, silkifóðrað. (Fannst á jörðinni vestan við skúrinn). Vestið er hneppt að framan með 5 tölum, og eru þær allar á því. Það er hengilrífið, þannig að bak vestisins er rífið beggja vegna frá hliðunum að aftan og vinstri helmingur einnig rífinn frá að ofan, þ. e. við öxl. Mikið blóð er á innan— og utanverðu fóðrinu að ofan og á innanverðu fóðrinu frá hægri öxl niður á brjóst. Á vinstri hluta vestisins frá öxl og niður á innan á vasa, sem er á neðri hluta þess helmings. Framan á vestinu báðum megin við hálsmál eru blóðstrokur á 7 — 8 cm löngum kafla. Blóðblettur er á miðjum hægri helmingi að framan, 15 cm neðan við öxl. Mikil óhreinindi eru á vestinu. Á vinstri helmingi vestisins, að framan eru tvö merki (hringlaga nælur) með erlendri áletun.

Jakki:

Svartur karlmannsjakki úr klæði, silkifóðraður, einhneptur með þremur tölum merktur Föt h.f. Reykjavík. (Jakkinn fannst á jörðinni vestan við skúrinn). Jakkinn er mjög óhreinn, þ. e. moldarklessur aftan og framan á honum. Vinstri ermin er inni í jakkanum (sennilega vegna þess að jakkinn hefur verið dreginn af handleggnum). Jakkinn er mikið blóðugur við háls-mál, bæði að aftan og framn. Blóð er einnig framan á jakkanum við axlir og blóðflekku á mótis við efstu og næst efstu tölur hægra megin að fram-an. Blóblettir eru á og ofan við brjóstvasa á vinstri hlið að framan. Blóð-strokur á uppbroti framan á hægri ermi og á utanverðum hægri olboga. Stórir blóðflekki eru aftan á jakkanum neðan við hálsnál og niður á herðablóð, og blóðstrokur ná niður á bak 25 cm frá hálsnáli.

Skór:

Svartir ökklahár leðurskór með þverrifluðum gúmmísólum. Skórnir eru fóðraðir og með rennilásum sitt hvoru megin við rist. Skóstærð nr. 39. Töluvert blóð er á vinstri skó utanverðum. Blóð er á hægri skó að utan-verðu aftan við rennilás. Einnig blóðdropi ofan á rist að framan. Töluvert blóðkám er á innanverðum hægri skónum ofan og aftan við rennilás, eins og eftir fingurfar.

Þar sem talað er um blóð og blóðprófun í skýrslunni, er átt við, að framangreindir blettir hafa gefið blóðsvörun við Leuco—Malachite Green blóðprófun.“

Samkvæmt vottorði frá Veðurstofu Íslands var hiti kl. 1800 4. desember 1981 2.2 stig, kl. 2100 2.4 stig og kl. 2400 2.1 stig. Þann 5. desember var hitastigið kl. 0300 1.6 stig. Veðurhæð var á þessum tíma 1—2 stig, en mesta veðurhæð milli athugana 1—3 stig.

Vitnið Andrés Björn Lingberg Sigurðsson vélstjóri, nú til heimilis að Brekkubæ 10, áður að Þverholti 18 A, fæddur 7. júní 1953 í Reykjavík, hefur skýrt svo frá, að hann hafi verið á leið heim til sín frá Austurbæjaríói ásamt fleirum að aflokinni miðnætursýningu Leikfélags Reykjavíkur. Vitnið stytta sér leið frá Rauðarárstíg með því að fara um lóðina hjá Ísaga h/f og síðan yfir lágreistan vegg. Er vitnið kom upp á vegginn, sunnan og vestan við Þverholt 18 A, heyrði það stunur, mjög lágar. Vitnið taldi í fyrstu, að þetta hljóð kæmi frá húsinu, en áttaði sig síðar og gekk á hljóðið. Er vitnið kom að skúr, sem stendur austan og sunnan við húsið, sá það í fót á mennskju og bert læri. Buxurnar voru einnig klæddar. Vitnið gerði sér strax grein fyrir, að þarna væri um kvenmann að ræða, sem líklega hefði verið tekið með valdi. Mikið myrkur var þarna, en vitnið sá samt móta fyrir höfði, og fannst vitninu andlitið vera mjög dökkt. Plast var yfir stúlkunni og huldi hana að mestu. Vitnið sá mikið blóð á andlitinu. Vitnið hljóp strax inn til sín og lét lögregluna vita. Eftir það fór vitnið inn í skúrinn

með teppi og lagði yfir hana. Þar eð vitninu fannst það dragast, að lögreglan kæmi, hringdi það á nýjan leik. Stuttu seinna kom lögreglan og sjúkra-bifreið. Vitnið og eiginkona þess fóru út kl. 2000 kvöldið áður og komu aftur heim kl. 2300. Síðan fóru þau eftir skamma stund á leiksýninguna. Á meðan þau dvöldu heima, urðu þau hvorki vör mannaferða né heyrðu neitt óvenjulegt.

Vitnið Þór Gunnlaugsson lögregluþjónn, nú til heimilis að Suðurvegi 2, Skagaströnd, fæddur 14. desember 1946 í Reykjavík, hefur skýrt svo frá, að hann hafi verið á vakt frá kl. 2000 til kl. 0600 á laugardagsmorgun og verið skráður ökumaður lögreglubifreiðar. Kl. 2235, er bifreið vitnisins var stödd á Breiðholtsbraut, var vitnið beðið að fara að Þverholti 18, „en þangað væri sjúkra-bifreið að fara vegna manns, sem lægi þar í götunni.“ Vitnið setti á ljós— og hljóðmerki til forgangs og ók rակleitt í Þverholt. Vitnið ók í norður frá Háteigsvegi og að Stórholti. Vitnið svipaðist um eftir manni í götunni og til hliðar við hana, en varð ekki var við neinn. Vitnið sneri þá við og ók suður Þverholt að Háteigsvegi. Þar hitti vitnið slökkviliðsmenn á sjúkra-bifreið. Þeir kváðust vera búnir að aka Þverholtíð báðum megin og Rauðarárstíg, en ekkert séð. Því töldu þeir, að um gabb hefði verið að ræða. Vitnið ók þá Rauðarárstíg til norðurs, en varð einskis vart. Vitnið sagði, að lögreglumennirnir hefðu ekki farið út úr bifreiðinni til athugunar, en þeir lýstu upp svæðið báðum megin Þverholtsins, en sáu engan mann, hvorki liggjandi né uppistandandi.

Seinna útkallið í Þverholt barst kl. 0155. Vitnið taldi, að það hefði þá verið í bifreiðinni, statt í hverfinu. Vitnið var fljótt að Þverholti 18. Þar var fyrir ungur maður, sem vísaði á stúlkuna í skúrnum. Vitnið lýsti inn í skúrinn með vasaljósi. Þá sá vitnið, að kona lá á bakinu ofan á hurð, og var teppi breytt yfir hana. Til hliðar við konuna var plast, sem var talsvert blóðugt. Stúlkan var að mestu nakin og buxurnar niður um ökkla, höfuðið, brjóstin og lífið atað blóði. Við viðkomu reyndist fótur hennar vera mjög kaldur. Stúlkan lá með vinstri fót því sem næst beinan, og náði hann aðeins út fyrir hurðina, en hægri fótur hennar var aðeins krepptur og út til hliðar. Höfuðið hallaði aðeins til vinstri, og á hurðinni við háls hennar, undir hægra eyra, var grjót. Vitnið sá, að blóð var á þeim hluta þess, sem sneri upp.

Lögreglumennirnir Valgarður Sveinn Hafdal og Óskar Kristjánsson, sem voru með vitninu Þór Gunnlaugssyni í báðum útköllunum, hafa skýrt frá með svipuðum hætti. Þeir töldu þó, að þeir hefðu verið á Breiðholtsbraut (Reykjanesbraut), er seinna útkallið kom, en í hverfinu eða á lögreglustöð-inni, er hið fyrra barst.

Vitnið Stefán Steingrímsson brunavörður, Engihjalla 1, Kópavogi, fæddur 15. mars 1950 í Reykjavík, hefur borið, að hann hafi verið sendur ásamt

Gunnari Jónssyni brunaverði á sjúkrabifreið að Þverholti 18 kl. 2230, „Þar hefðu verið slagsmál og maður laminn þar til óbóta og væri hann úti og neðan við húsið.“ Þeir óku að húsi í Þverholti, sem þeir töldu vera nr. 18, verksmiðjuhúsi norðan við Ölgerðina Egil Skallagrímsson h/f, sem er númer 20. Vitnið fór út úr bílnum og barði að dyrum á ljóslausu húsinu. Enginn svaraði. Á meðan kom lögreglubifreið á vettvang. Brunaverðirnir óku þá norður Þverholtið, sneru síðan við og óku aftur suður götuna rólega. Jafnframt leituðu þeir meðfram veginum. Þeir urðu einskis varir. Því óku þeir niður á Rauðarárstíg og norður hann að húsi nr. 31. Þar óku þeir inn á lóðina, þar sem bílaleigan Falur var áður. Sú lóð er á bak við hús nr. 18 við Þverholt. Ekki urðu þeir neins varir þarna á lóðinni. Þeir óku síðan aftur á Rauðarárstíg og hittu þar aftur á lögreglubifreiðina. Lögreglumennirnir kváðust vera búnir að aka þarna um og ekki orðið neins varir. Brunaverðirnir óku þá norður Rauðarárstíg, austur Stórholt og suður Þverholt að húsi nr. 18 (áðurgreindu verksmiðjuhúsi). Þar fór vitnið aftur út úr bifreiðinni og athugaði betur við húsið og inn í sund við hliðina. Þá fór vitnið upp á þak húsnæðis, sem Falur hafði. Vitnið gekk eftir því og meðfram þakbrúninni án þess að verða vart við neitt. Eftir þetta var talið, að um gabb væri að ræða, og var leitinni hætt.

Seinna útkallið barst um kl. 0200. Þá var vitnið Stefán og Gunnar aftur staddir á slökkvistöðinni. Lögreglan var á vettvangi og vísaði á stúlku, illa útleikna, sem var inni í skúr á lóðinni. Hún umlaði stöðugt með korrandi andardrætti, en mjög lágt. Stúlkan var aðeins í bol að ofan, en ber að neðan, nema hvað buxur voru um annan ökkllann. Mikið storknað blóð var á andliti stúlkunnar. Vitnið sá einnig, að einhver sár voru á brjosti og einhverjir áverkar á lífi. Brunaverðirnir fluttu síðan stúlkuna á Borgarspítalann.

Gunnar Jónsson brunavörður hefur skýrt frá á svipaðan hátt.

Vitnið Logi Már Einarsson brunavörður, Hæðargarði 34, fæddur 4. ágúst 1955 í Reykjavík, hefur skýrt svo frá, að það hafi tekið við símaboðum frá ókunnugum tilkynnanda, sem varð tilefni þess, að sjúkrabifreið var send í Þverholtið. Vitnið kvaðst muna nokkuð glöggt eftir þessu símtali, sér hafi fundist grunsamlegt, hvað tilkynnandi var rólegur. Tilkynnandi sagði, að slagsmál hefðu verið fyrir neðan hús eitt í Þverholti, sem vitnið mundi ekki lengur númer á. Vitnið kvaðst hafa gefið sjúkrabifreið viðeigandi ljósmerki og jafnframt komið framangreindum skilaboðum um há-talarakerfið. Jafnframt var lögreglan látin vita um beinu línuna. Vitnið hélt síðan áfram að tala við tilkynnanda, en sér hefði ekki tekist að veiða neitt meira upp úr honum. Brunaverðirnir höfðu samband við vitnið frá vettvangi. Þeir hefðu ekkert fundið og lögreglan væri komin. Þeir kváðust þó ætla að leita frekar og tilkynntu síðar, að þeir hefðu ekkert fundið og lög-

reglan væri farin. Ekki mundi vitnið eftir, að brunaverðirnir hefðu beðið um frekari upplýsingar, á meðan þeir voru á vettvangi, en vitnið taldi það líklegt, því slíkt væri venja. Ekki minntist vitnið þess, að fjarskiptamiðstöð lögreglunnar hefði leitað nánari skýringa á kvaðningunni. Loks taldi vitnið víst, að það hefði sagt mönnum á sjúkrabifreiðinni, að þetta væri fyrir neðan Þverholt 18, og það hafi ítrekað það við þá á vettvangi.

Lögð hefur verið fram í málinu skýrsla rannsóknarlögreglu ríkisins um eftirritun af hljóðritun á ofangreindri tilkynningu. Upphaf tilkynningar er tímasett kl. 22.33.10, en lok 22.34.10. Endurritunin er á þessa leið:

„Slökkvistöðin.“

„Fengið sjúkrabíl í Þverholt 18?“

„Í?“

„Þverholt 18.“

„Já, hvar í húsinu?“

„Ee, það er einhvers staðar fyrir utan vinn einhvers staðar.“

„Hvað segirðu.“

„Það er fyrir neðan einhvers staðar .. fyrir .. Þverholt 18.“

„Fyrir?“

„Neðan Þverholt 18.“

„Þverholt 18?“

„Yes“

„Hvað er um að vera þar?“

„Ha?“

„Hvað er að ske?“

„Það eru slagsmál eða eitthvað svoléiðis“

„Slagsmál já, og?“

„Það er gult hús“

„Já já, heyrðu bíddu“

„Ha, haló, hvað segirðu?“

„Bíddu aðeins“

„Ég held hann sé að deyja (þögn smá stund) haló — haló“

„Já bíða andartak, ég er að senda bílinn“

„Yes“

„Heyrðu, fyrirgefðu, hérna — billinn er á leiðinni, hva, eru slagsmál þarna fyrir neðan Þverholt 18 eða í Þverholti 18?“

„Liggur fyrir neðan Þverholt 18“

„Fyrir neðan Þverholt?“

„Já, hann liggur þar fyrir utan eða ...“

„Já já, veistu nokkuð meira um þetta?“

„Nei ekki neitt“

„Allt í lagi, billinn er á leiðinni“

„Já, þakka þér fyrir“

„Já, blessaður “ “

Vitnið Aðalsteinn Rúnar Björnsson verkamaður, Ferjubakka 16 hér í borg, fæddur 3. mars 1966, hefur skýrt svo frá, að það hafi verið að koma út úr húsi við Þorfinnsgötu um kl. 2215 umrætt föstudagskvöld. Gekk vitnið norður Snorrabraut í áttina að Hlemmi, þar eð það hugðist fá sér far með strætisvagni í miðborgina. Ókunnugur maður vék sér að vitninu og bað það að hringja á sjúkrabifreið. Aðspurður um ástæðuna fyrir þessari beiðni sagði maðurinn, að slagsmál hefðu orðið í Þverholti 18 og lægi maður þar. Þeir gengu saman spölkorn, og við verslunina Teninginn við Snorrabraut sagði vitnið manningnum, að þeir gætu hringt þar. Maðurinn bað vitnið að segja eitthvað á þessa leið í símann: „Að senda sjúkrabil í Þverholt 18, þar sem hefðu orðið slagsmál. Síðan sagði hann mér, að það væri í einhverjum skúr og maðurinn væri að deyja. Ég tók þessu þannig, að hann ætti við vindauga.“ Vitnið hélt síðan eitt síns liðs að Hlemmi, en vissi ekki, hvað varð um manninn, hann hefði ráfað þarna eitthvað um. Um það bil 40 mínútum síðar, eftir að hafa rætt við kunningja á Hlemmi, tók vitnið sér far með vagni á leið 4, Hagar—Sund. Aftarlega í vagninum sat maðurinn, sennilega í þriðju eða fjórðu sætaröð. Vitnið kallaði til mannsins og minnti hann á, að það hefði hringt fyrir hann á sjúkrabil. Maðurinn svaraði því engu, og höfðu þeir ekki frekari samskipti. Vagnstjóri kom aftur í vagninn og talaði eitthvað við manninn. Ekki veitti vitnið því athygli, hvort maðurinn yfirgaf vagninn á Hlemmi eður ei.

Vitnið var nokkuð undir áhrifum áfengis og taldi, að maðurinn hefði komið þannig fyrir sjónir, að hann væri undir áhrifum áfengis eða lyfja. Vitnið lýsti manningnum á þessa leið:

„Hann er sennilega rúmlega 175 cm á hæð, illa rakaður og með yfirvaraskegg, hann var með sár einhvers staðar í andlitinu og einhvern veginn þrúttinn fannst mér. Hann var í rauðri úlpu, sem var frekar síð, en ég tók ekki eftir buxum eða skóm, sem hann var í. En ég man, að hann hélt á grænum poka, sem ég var að reyna að kíkja í, en gat það ekki. Ég gæti trúað, að í pokanum hafi verið flöskur, því það var þannig lagað.“

Er vitnið frétti um atburðinn í Þverholti, hafði það samband við lögreglustöðina og skýrði frá þætti sínum í tilkynningu til slökkvistöðvarinnar.

Guðbjartur Fransson strætisvagnabílstjóri, Sundlaugavegi 20, fæddur 12. september 1920 í Reykjavík, hefur gefið svohljóðandi skýrslu í málinu:

„Hann skýrir frá því, að föstudagskvöldið 4. desember s. l. hafi hann verið við störf og ekið leið nr. 4, sem heitir Hagar—Sund. Frá Hlemmtorgi kveðst hann, á leið í Sund, fara á tímabilinu 15 til 18 mínútur fyrir heila og hálfan tímann og hafa biðstöð gegnt Þróttheimum við Holtaveg, þar sem

fram fer svokölluð tímajöfnun. Á þeim stað segist mætti á stundum biða í 10 mínútur.

Mætti kveðst hafa séð í síðdegisblaðinu Dagblaðið og Vísir nú á dögunum mynd af manni, sem þar var nefndur árásarmaðurinn úr Þverholtinu. Segist hann hafa þá verið að reyna að rifja upp, hvaðan mætti kannaðist við svip þess, sem myndbirtur var. Segir hann sér það ljóst nú og lýsir því þannig, að klukkan sennilega um 18 mínútum fyrir 23.00 umrætt föstudagskvöld hafi þessi maður komið í vagninn við Hlemmtorg og sest aftur í. Segir hann nánar hvar í vagninum, að það hafi sennilega verið í 3ju sætaröð að aftan. Frá Hlemmtorgi kvaðst mætti hafa ekið með nokkra farþega og allir yfirgefið vagninn við fyrrnefnda biðstöð gegnt Þróttheimum nema hinn umræddi maður, sem í vagninn kom við Hlemmtorg. Sá hafi þá sofið í vagninum. Kveðst mætti hafa reynt ítrekað að vekja manninn í vagninum, en það ekki tekist. Hann hafi síðan haldið frá biðstöðinni og áleiðis að Hlemmtorgi. Þar hafi komið þó nokkrir farþegar í vagninn, og í þeirri bið þar segist mætti ítrekað hafa reynt að vekja hinn umrædda mann, en sem fyrr án árangurs. Frá Hlemmtorgi kveðst mætti hafa ekið niður í miðbæ, en stöðvað á biðstöð við Bergstaðastræti og þar haldið áfram þeim aðgerðum að reyna að vekja manninn. Það hafi loks tekist á þá leið, að mætti náði að vísa honum út úr vagninum.

Mætti segir aðspurður, að maðurinn hafi haft meðferðis plastpoka, er hafi verið gulur að lit með grænum stöfum á. Honum er þó ekki ljóst, hvað var í pokanum, en út úr vagninum hafi hann haft pokann með sér. Eftir þetta segist mætti ekki hafa séð umræddan mann og telur sig hafa verið að sjá hann í fyrsta sinn umrætt föstudagskvöld.

Mætti er spurður, hvort hann geti lýst klæðnaði mannsins sem og útliti hans. Um þetta segir hann: „Hann var í dökkri úlpu, en eftir öðrum klæðnaði tók ég ekki. Hárið á honum er sennilega roðalitað, og hann var með yfirvaraskegg og sennilega einhverjar skrámur í andlitinu. Ég tel, að maðurinn hafi verið undir áhrifum áfengis eða lyfja. Í svefninum lá hann einhver veginn fram fyrir sig með hangandi höfuðið.“

Þá er mætti spurður, hvort umræddur maður hafi verið í fylgd með einhverjum. Þessu svarar mætti þannig, að sá hafi án efa verið einn síns liðs. Mætti er spurður, hvort hann hafi séð eitthvað við hendur mannsins, sem vakið hafi athygli. Svarar hann því til neitandi. Hann er spurður, hvort hann hafi séð blóð á mannum. Því svarar hann til neitandi, ekki nema skráurnar í andlitinu, sem áður getur.

Loks er fyrir mætta lögð ljósmynd úr myndasafni RLR, nr. 1457. Hann er spurður, hvort hann kannist við manninn á myndinni. Segir hann þarna vera þann, sem var farþegi með vagninum og lýst hefir verið hér að framan. Hann hafi komið í vagninn sennilega 18 mínútum fyrir kl. 23.00, verið kyrr

í vagninum á biðstöðinni við Þróttheima, þaðan sem mætti ók kl. 23.09 og niður að Hlemmtorgi, frá Hlemmtorgi ekið kl. 23.20 og kominn að Bergstaðastræti kl. 23.25 og þá vísað mannum út.“

Vitnið Ingimundur Guðbjörn Steindórsson gæslumaður í biðskýli SVR á Hlemmtorgi, Fannarfelli 4 hér í borg, fæddur 25. desember 1920 hér í borg, hefur skýrt svo frá, að hann hafi verið við störf í skýlinu á tímabilinu kl. 1600 til 2330 föstudaginn 4. desember f. á. Eftir að vitninu var sýnd mynd af ákærða úr safni rannsóknarlögreglunnar, kvaðst það kannast við manninn vegna ítrekaðra afskipta af honum í biðskýlinu. Hann hefði vanið þangað komur sínar og komið þar síðast um kl. 1900 þennan föstudag. Vitnið mundi glögglega eftir því að hafa vísað mannum sjálfst úr skýlinu, þar sem hann var ölvaður, ágengur við fólk og olli ónæði. Maðurinn var með hvítan plastpoka og pappakassa. Vitnið mundi eftir, að maðurinn var að tala við tvær stúlkur inni í skýlinu, sem sátu á bekk. Vitnið mundi eftir stúlkum þessum sem gestum, er komið hefðu nokkrum sinnum. Ekki vissi vitnið, hvað þeim fór á milli, en eftir að mannum var vísað út um dyr skýlisins, sem snúa að Laugavegi, sátu stúlkurnar kyrrar einhverja stund, a. m. k. fóru þær ekki út á eftir mannum. Vitnið neitaði því, að maðurinn hefði komið í skýlið aftur síðar sama kvöld, enda skýlið ekki opið eftir kl. 2100 vegna ölvunar. Ekki bar vitnið kennsl á nafn stúlkunnar „A“ eða kom henni fyrir sig, er því var sýnd mynd af henni.

Faðir ákærða, Hallgrímur, kom að máli við rannsóknarlögreglumanninn Sigurbjörn Víði Eggertsson þann 5. desember 1981 og spurði um starf hans á vettvangi. Var honum sagt, hvað hefði komið fyrir. Hallgrímur kvaðst hafa komið út um kl. 2100 kvöldið áður og þá séð son sinn vera að ráfa á lóðinni austan við húsið. Reyndi Hallgrímur að fá hann inn, en það var árangurslaust. Ákærði var eitthvað undarlegur og með eitthvað í höndunum, sem Hallgrímur taldi vera ferðaútlarpstæki. Ekki var Hallgrímur ákærða frekar var og fór að sofa um kl. 0100.

Vitnið Guðmundur Ómar Þráinsson lögreglumaður hefur skýrt svo frá, að kl. um 1900 föstudaginn 4. desember 1981 hafi hann beðið strætisvagns á Hlemmtorgi við Laugaveg. Þá sá vitnið ákærða sitja á bekk við skýlið, og var hann að tala við unga stúlku. Ákærði var með einhvern poka, sennilega svartan, en vitnið sá ekki, hvað var í pokanum. Ákærði var klæddur í rauða hettuúlpu og bláar gallabuxur. Ákærði virtist undir einhvers konar áhrifum. Stúlkann var ljóshærð, en kollurinn nokkuð dekkri. Var hún dökkklædd að ofan, en vitnið tók ekki eftir klæðnaði hennar að neðanverðu. Vitninu virtist fara vel á með ákærða og stúlkunni, en vitnið heyrði ekki, hvað þau ræddu sín á milli. Um það bil 30 mínútum eftir að ákærði var eftirlýstur, sá vitnið hann í Austurstræti, og var hann að tala við einhvern mann, en hvarf skyndilega, þegar hann tók eftir lögreglunni, Eftir að ákærði

var eftirlýstur og vitnið frétti um árásina á stúlku í Þverholti, fór vitnið á Borgarspítalann og komst að raun um, að hér var um sömu stúlku að ræða og vitnið hafði séð á tali við ákærða á Hlemmi.

Vitnið Sævar Gunnarsson lögreglu maður, Hrafnhólum 4 hér í borg, hefur skýrt svo frá, að það hafi verið á vakt óeinkennisklætt við Lands-símahúsið í Kirkjustræti, er það heyrði í talstöð fyrir mæli um, að ákærði yrði handtekinn. Þá var nokkuð liðið á laugardagsnóttina. Skömmu fyrir tilkynninguna hafði vitnið séð ákærða á gangi í miðborginni. Vitninu fannst hann eitthvað undarlegur, því hann var klæddur í úlpu og dró hettuna fram yfir andlitið. Vitnið hitti á ákærða í Pósthússtræti í beinu framhaldi af tilkynningunni. Vitnið gekk til ákærða og bað hann að koma með sér á miðbæjarstöðina. Ákærði kvaðst ekki mega vera að því, því hann ætlaði að hitta krakka og hugðist ganga brott. Vitnið tók þá í handlegg hans og gekk með hann á stöðina. Vitnið tók eftir, að ákærði var óhreinn, bæði föt og andlit. Ákærði var „talsvert“ ölvaður.

Ákærði var lokaður inni í fangageymslu lögreglunnar kl. 0341.

Vitnið D ... fædd...1966 í Reykjavík, skýrði svo frá við rannsókn málsins, að föstudaginn 4. desember f. á. hefði hún, E og A farið saman eftir hádegi í bæinn og verið þar til kl. rúmlega 1600. Þá tóku þær strætisvagn heim. Á meðan þær voru í miðborginni, fóru þær inn í verslunina London á mótum Austurstrætis og Pósthússtrætis. Þar inn kom áberandi ölvaður maður. Var hann með hljómflutningstæki, sem mikil tónlist heyrðist úr. Stúlkurnar töluðu ekki við manninn og hann ekki við þær að öðru leyti en því, að hann bað viðstadda að hlusta á tónlistina. Allar þrjár sáu manninn þarna í fyrsta sinn, og veittu þær honum athygli vegna ölvunar og tónlistarinnar. Vitnið taldi, að A hafi haft meðferðis í bænum um 300 krónur. Vitnið og hún urðu samferða heim, og frétti vitnið ekkert af henni fyrr en næsta dag. Í dóminum hefur vitnið skýrt svo frá, að þær þrjár hafi keypt hvítvinsflösku af ölvuðum manni í verlsuninni. Ekki var því til að dreifa, að þær ættu að hitta manninn síðar.

Vitnið E..., fædd... 1966, hefur við rannsókn málsins borið, að það hafi farið ásamt D og A nokkru eftir hádegið í miðbæinn. Um miðjan dag hefðu þær þrjár verið staddar í verlsuninni London. Þá kom þar inn mjög áberandi ölvaður maður, er hélt á einhverju tæki, er spilaði tónlist. Þær hafi veitt honum athygli fyrir það eitt, hversu mjög áberandi hann var í sinni framkomu. Stuttu eftir að maðurinn kom inn, fóru þær allar út án þess að ræða við hann. Vitnið kvaðst hafa séð manninn þarna í fyrsta sinn og taldi, að svo hefði einnig verið um vinkonur sínar. Um manninn hefðu þær ekkert frekar rætt. Stuttu eftir að þær fóru úr verlsuninni, fóru þær heim með strætisvögnum, vitnið með einum, en hinar tvær með öðrum. Vitnið frétti ekkert af A fyrr en næsta dag og þá, að hún hefði orðið fyrir árás.

Er vitnið sá mynd af þeim grunaða í dagblaði, sá vitnið, að um sama mann var að ræða og þær sáu í versluninni London. Í dóminum bar vitnið, að þær hefðu keypt hvítvínsflösku af mannum í versluninni og hefði A greitt kaupverðið. Minnti vitnið, að þær hefðu opnað flöskuna niðri í bæ og rétt dreypt á henni.

Vitnið F ..., fædd ... 1966 í Reykjavík, hefur skýrt svo frá, að hún hafi hitt A á heimili hennar, eftir að hún kom úr fyrrgreindri ferð í bæinn með D og E. Vitnið sagði, að A hafi verið með eitthvað af hvítvíni, en vitnið sá ekki áfengisáhrif á henni. Þeim fór ekkert sérstakt á milli, en A bað vitnið að koma með sér í bæinn. Ekki hafði vitnið hug á því, og fór A þá með kunningjakonu þeirra G

Ekki vissi vitnið annað um það ferðalag en þær hefðu orðið viðskila um kl. 1800, er G ætlaði í tónlistartíma, en A heim. Það næsta, sem vitnið frétti af A, var, að hún hefði orðið fyrir árás. Ekki kvaðst vitnið vita til þess, að A þekkti hinn grunaða mann.

Vitnið G ..., fædd ... 1966, kvaðst hafa hitt A umræddan dag samkvæmt umtali á ..., sennilega um kl. 1700. Gengu þær um Laugaveginn og skildu á horninu á Barónsstíg. Giskaði vitnið á, að þá hefði klukkan verið á milli 1800 — 1830. Vitnið sagði henni að fara heim, því hún hafði haft orð á, að hún hefði neytt áfengis, og vitnið sá á henni nokkur áfengisáhrif til augnanna. Auk þess höfðu þær tvær ásamt F, E og D gert ráð fyrir að hittast um kvöldið eins og venjulega án þess að vera búnar að ákveða að fara eitthvað sérstakt.

Vitnið H ..., fædd ... 1968, hefur skýrt svo frá, að umrætt sinn hafi hún beðið eftir strætisvagni í biðskýlinu. Taldi vitnið, að klukkan hefði þá verið 1910 — 1930. Þá sá vitnið tilsýndar, er A gekk út úr biðskýlinu með einhverjum manni, sem var með yfirskegg og brúnskollitað hár. Þau fóru í áttina að Laugavegi. Ekki vissi vitnið um tildrögin að brottför þeirra og sá ekki neitt athugavert.

Vegna þess hve A slasaðist illa í árásinni, var ekki hægt að spyrja hana um málavexti fyrir en að nokkrum tíma liðnum og þá með mjög takmörkuðum árangri. Fyrir liggur skýrsla rannsóknarlögreglunnar um yfirheyrslutilraunir, dags. 23. desember 1981, og er hún á þessa leið:

„Fimmtudaginn 17. og föstudaginn 18. desember s. l. var haft samband við lækna á gjörgæsludeild Borgarspítalans og þeir m. a. um það spurðir, hvort unnt væri að ræða við A um málavexti. Báða dagana var það talið af og frá, enda ástand hennar þá slæmt. Síðari daginn var þó talið, að mjög styttest í, að hún færi af gjörgæsludeild til veru á annarri deild, en endanleg ákvörðun hefði ekki verið um það tekin.

Mánudaginn 21. desember s. l. bárust þessu embætti þær upplýsingar, að A væri nú komin á deild A—5 á sjúkrahúsinu og þar ein á stofu. Undir-

ritaður ásamt Sigurbirni Víði Eggertssyni rannsóknarlögreglumanni fór strax næsta dag, þriðjudaginn 22. þ. m., á þá deild til að kanna, hvort unnt væri að tala við A. Hjúkrunarfræðingur deildarinnar skýrði frá því, að A væri nýkomin úr aðgerð, þar sem hún hefði verið svæfð. Ástand hennar væri því þannig, að ekkert samband næðist við hana.

Í dag, miðvikudaginn 23. desember, fóru undirritaðir á ný á Borgarspítalann sömu erinda og fyrr. Með vitund og leyfi hjúkrunarfræðings ræddum við stuttlega við A, en það viðtal varð mjög stutt.

A lýsti því, að hún heyrði mjög illa, sem væru afleiðingar aðgerðarinnar frá því í gær m.a. Hún gat greinilega greint frá nafni, fæðingarári og öðrum persónulegum upplýsingum svarað. Kvaðst heita fullu nafni ..., fædd í Reykjavík ... 1966, nafnnr. ..., til heimilis að ... þar í borg, sími ...

Er kom að því að spyrja um málsatvik, svaraði hún því til, að sjálf myndi hún ekkert eftir því, er gerðist. Hún myndi ekki, hvort hún hefði verið ein, er hún hitti manninn, eða hann verið einn. Hins vegar væri búið að segja henni ýmislegt af því, er muni hafa gerst, en sjálf myndi hún ekkert. Þá lýsti hún því og, að aðgerðin frá því í gær hefði haft á hana þau áhrif, að vera fremur slöpp þessa stundina, er væntanlega myndi breytast, er líða tæki á daginn.“

1. febrúar sl. var gerð ný skýrsla um yfirheyrslutilraunir, og er hún á þessa leið:

„Talaði ég (Sigurbjörn V. Eggertsson) við B ... f. ... 1962, nafnnr. ..., og sagði hann foreldra sína ekki vera heima. Aðspurður sagði hann, að systir sín A væri nú á Borgarspítalanaum, þar sem hún hefði gengist undir höfuðaðgerð s. l. fimmtudag, þ. e. 28.01. 1982. Hefði þurft að opna höfuð hennar til þess að komast fyrir blæðingu bak við auga, þar sem fyrri aðgerðir hefðu ekki borið tilætlaðan árangur. Ekki kvaðst B vita, hvort A væri enn á Gjörgæsludeild, en þar hefði hún verið eftir aðgerðina.“

11. febrúar sl. reyndist unnt að yfirheyra A. Var þá tekin af henni svohljóðandi skýrsla:

„Mætta segist ekki muna til að geta lýst, hvað gerðist þann dag, er hún varð fyrir árásinni. Hins vegar hafi henni verið sagt eitt og annað um málið og m. a. af vinkonum hennar þeim E og D, sem mætta segir jafnframt bekkjarfélagi í skóla. Í spjalli með þeim hafi rifjast upp fyrir henni vera þeirra í miðbænum fyrr þann dag, er árásin mun hafa orðið, og einnig eftir að hafa séð ljósmynd af árásarmanninum í Dagblaðinu á sínum tíma upp fyrir henni rifjast nánar það atvik. Þannig kveðst mætta geta frá eigin brjósti lýst veru sinni í bænum með þeim E og D. Segir hún þær þrjár hafa á leiðinni heim komið við í „sjoppunni“ London við Austurstræti. Sennilega hafi það verið einhvern tíma um miðjan daginn, milli klukkan 14.00 og 15.00. Þar inni hafi mætta líklega verið að versla eitthvað án þess

að muna nánar hvað. Þá muni hún eftir manni, sem inn í „sjoppuna“ kom, og vera mun sá hinn sami og ljósmyndin var af í Dagblaðinu, sem áður er getið. Hann hafi verið með útvarpstæki meðferðis og jafnvel kassa, sem í var áfengi. Hún segist muna vel eftir útvarpstækinu og einnig því, að maður þessi var með kassa að auki, sem í var áfengi. Inni í „sjoppunni“ hafi maðurinn, sem mætta segir, að greinilega hafi verið ölvaður, verið með útvarpstækið opið og í því verið tónlist. Hann hafi síðan farið að leita á tækinu eftir öðrum útvarpsstöðvum. Hafi hann í því sambandi beint orðum sínum til mættu og þeirra, er með henni voru, og sagt þeim að hlusta. Eitthvað hafi það verið efnislega á þá leið, þó hún muni orðaskipti ekki glögglega. Segist hún hafa tekið undir orð mannsins og ekkert frekar leitt hann hjá sér. Henni fundist eðlilegt að veita honum áheyrn, sem henni virtist hann ætlast til af þeim stöllum. Hún segir engin orðaskipti hafa farið fram þeirra í milli utan „sjoppunnar“ og telur þær stöllur hafa farið þaðan út á undan mannum.

Mætta er spurð, hvort þær stöllur hafi haft vín um hönd í ferð þeirra um bæinn. Svarar hún því til neitandi, en vín hafi hún drukkið þennan dag, þó það hafi verið síðar. Þá er hún spurð, hvort hún hafi falast eftir víni af manni þeim, er með útvarpstækið kom inn í verslunina London. Um það segist hún ekki viss. Eftir atriði í þeim dúr muni hún óljóst, en segir það ekki óhugsandi, að hún hafi beðið hann að selja sér vín, því þennan dag hafi hún verið að hugleiða að reyna með einhverjum hætti að verða sér út um létt vín. Mætta er spurð, hvort maðurinn hafi látið að því liggja, hvaða vín hann væri með meðferðis. Hún kveðst ekki muna eftir því, en ítrekar, að ekki sé fráleitt, að hún hafi beðið hann að útvega henni vín. Hún er spurð, hvort frekari orðaskipti hafi farið fram hennar í milli og mannsins. Kveðst hún ekki vita eða muna til þess, enda ekki um margt unnt að ræða við al-ókunnuga menn.

Mætta segist ekki geta tímasett, hvenær þær vinkonur fóru heim, en sig rámi í, að hún hafi farið með sama strætisvagni og D, en E líklega með vagni númer 5. Hún hafi orðið viðskila við D og síðan haldið heim í Þar kveðst hún hafa verið um einhvern tíma og m. a. þvegið þvott. Stuttu síðar kveður hún vinkonu sína og skólafélaga F hafa komið heim til hennar og þær setið þar einhverja stund eða þar til enn ein vinkona og skólafélagi hringdi til mættu og bað hana að hitta sig í miðbænum. Sú heitir G. Kveðst mætta hafa verið reiðubúin til að fara aðra ferð í bæinn og sagt skilið við F, er mun hafa haldið heim til sín. Áður en þetta var og raunar áður en F kom heim til mættu, segist hún hafa fengið sér í eitt glas og drukkið af hvítvíni, er til hafi verið heima. Kveðst hún telja líklegt, að einhver af heimilisfólkinu hafi átt vínið. Ekki segist hún muna tegundarheiti og telur sig ekki hafa fundið til áhrifa af víninu.

G segist mætta A hafa hitt á Barónsstíg við hárgreiðslustofuna Hödd, eins og ákveðið hafði verið. Segist hún telja klukkuna hafa verið um 17.30, er þær hittust. Eitthvað hafi þær verið á gangi fram til þess tíma, er G átti að mæta í spílatíma, sem vera mun um kl. 18.30. Þær hafi orðið viðskila í námunda við biðstöð S. V. R. við Hlemmtorg og í framhaldi af því hafi mætta farið á nefnda biðstöð til að ná strætisvagni heim. Þannig segist hún hafa verið á biðstöðinni á tímabilinu frá klukkan 18.30 til 19.00. Aðspurð kveðst mætta ekki muna eftir neinum sérstökum, er hún hitti að máli á Hlemmtorgi og alla vega geti hún ekki nefnt nafn í því sambandi, hafi hún hitt einhvern.

Eftir þetta segist mætta ekkert muna. Hún muni ekki eftir að hafa hitt hvorki á Hlemmtorgi né þar hjá hinn umrædda árársmann og segist aldrei hafa hitt hann nema í það skiptið, sem lýst er hér að framan, við verslunina London eða þar inni. Að sama skapi muni hún ekki til þess eða neitt um það atriði, hvort nokkur gaf sig á tal við hana á Hlemmtorgi. Hún muni það eitt að hafa farið þangað og hugsanlega beðið úti eftir vagni, án þess hún geti um það borið. Mætta er spurð, hvort hún og nefnd G hafi haft vín um hönd, er þær hittust. Svarar hún því til neitandi.

Annað um tilvik það, sem hér um ræðir, kveðst mætta A ekki geta borið og ítrekar, að alfarið virðist hafa lokast fyrir minni hennar, eftir að hún kom að Hlemmtorgi og hugðist fara þaðan og heim með strætisvagni. Hins vegar hafi henni verið sagt af kunningjafólki, fjölskyldu og hjúkrunarliði, hvað gerðist, en sjálf muni hún ekkert af því og ekki muna til þess að hafa fundið til sársauka.

Mætta er spurð, hvort hún muni til þess að hafa haft fé meðferðis í bænum greint sinn. Svarar hún því til játandi og segist hafa verið með á bilinu frá kr. 300.00 til 500.00 í bæði skiptin, sem hún fór í bæinn. Hafi nú þá nýverið fengið greitt fyrir blaðburð og húshjálp, kr. 300.00 í öðru tilvikinu, en kr. 200.00 fyrir húshjálpinu.

Mætta er spurð, hvort hún hafi verið með armbandsúr á sér í sama skipti. Kveðst hún telja sig geta fullyrt um það, hún beri ætíð á sér armbandsúr. Henni er sýnt armbandsúr, tegund Jaquet Droz, sem er með svartri leðuról, en gulllituðum kassa. Kveðst hún þekkja úr þetta sem sitt og um það sé hún viss.

Mætta er spurð, hvort hún muni eftir klæðnaði þeim, er hún var í umræddan dag. Segist hún muna það vel. Segist hafa verið í svörtum leður-skóm með tveimur rennilásnum á hvorri hlið, eftir sokkunum muni hún ekki, en buxur hennar hafi verið hvítar og appelsínugular fyrir neðan hné. Skyrtu hafi hún verið í, einnig appelsínugulri með síðum ermum, en þó geti hugsast, að ermarnar hafi hún verið búin að klippa af. Það hafi staðið til, en hvort því var lokið, muni hún ekki. Á skyrtunni hafi verið tölur. Þá hafi

hún verið í svörtu vesti með gráum röndum langsum og svörtum eða dökkum herrajakka. Hún hafi ekki verið í brjóstahaldara og muni ekki eftir nærbuxunum. Hún skýrir frá því að hafa verið með blæðingar þennan dag og þær byrjað einmitt þá. Hún muni eftir að hafa keypt tíðatappa fyrir um daginn og telur sig hafa verið með þá öskju í sínum fórum, er hún yfirgaf G og hélt að Hlemmtorgi.“

Í dóminum hefur A sagt, að hún geti ekki borið frekar um málið en hjá rannsóknarlögreglunni, að því undanteknu, að hún hafi keypt hvítvinsflösku af manningnum, sem þær vinkonur hittu í versluninni London. Maðurinn hafi boðið áfengi til sölu. Vitnið taldi, að hún hefði greitt fyrir flöskuna 50 — 60 krónur. Vitnið fór með flöskuna heim. Ekki var því til að dreifa, að vitnið hefði mælt sér mót við manninn á Hlemmi. Vitnið gat ekkert sagt um, hvort maðurinn var þar með útvarpstæki, enda myndi það ekki, hvað þar fór fram.

Vitnið kvaðst enn (15. 11. 1982) vera undir læknishendi og eigi í jólaleyfinu að fara í skoðun til Bjarna Hannessonar læknis og Stefán Skaftason læknir hefði skoðað það um morguninn. Vitnið kvaðst heyra nú betur, væri þó ekki orðið gott. Vitnið taldi, að sjónin væri svipuð og áður.

Vitnið hóf nám í Menntaskóla Reykjavíkur sl. haust og sagði, að námið hefði gengið eðlilega. Eftir atburðinn þurfti vitnið að hætta námi í Langholtsskóla, en fékk samt að hefja nám í menntaskóla samkvæmt meðmælum frá Langholtsskólanum.

Ákærði hefur verið ítrekað yfirheyrður af rannsóknarlögreglunni og í dóminum. Hefur gengið á ýmsu við þær yfirheyrslur, en þó hefur fengist nokkuð heilleg mynd af því, sem gerðist, ef framburðir ákærða eru bornir saman við hin sýnilegu gögn málsins. Þar eð ákærði er einn til frá sagnar um málsatvik, eftir að hann og stúlkan fóru frá Hlemmi, verður að rekja framburði hans lið fyrir lið um árásina sjálfa, en greinargóð gögn liggja fyrir um afleiðingar verknaðarins, sbr. síðar.

Ákærði kom til fyrstu yfirheyrslunnar kl. 1231 laugardaginn 5. desember f. á. Þá skýrði hann svo frá, að um kl. 1900 eða 2000 kvöldið áður hafi hann verið staddur talsvert undir áfengisáhrifum í biðskýlinu á Hlemmtorgi. Ákærði hafði meðferðis 3 flöskur af léttu víni frá Ísrael. Ákærði tók þá tali stúlku, sem hann sá í fyrsta sinn, í því skyni að hafa við hana kynmök. Ákærði kvaðst hafa sagt við hana: „Má ég fara upp á þig og í staðinn skal ég gefa þér þessar þrjár flöskur og peningana, sem ég er með, sem er yfir 200 krónur?“ Ákærði sagði stúlkuna hafa fallist á þetta, og héldu þau áleiðis að Þverholti 18, þar sem ákærði er skráður til lögheimilis hjá foreldrum sínum, þótt hann eigi þar ekki greiðan aðgang vegna föður síns. Ákærði fór með stúlkuna inn í skúr, sem er rétt hjá húsi foreldra hans. Að sögn ákærða færði stúlkan sig úr síðbuxum, sem hún var í, og

fór síðan höndum um ákærða. Stúlkan hætti síðan við, færði aftur upp buxurnar og lét að því liggja, að hún vildi eigi hafa mök við hann. Ákærði varð sár yfir því, að stúlkan „gekk á bak orða sinna“, greip stein, sem hann taldi sig hafa fundið rétt utan við skúrinn, og sló stúlkuna með honum í höfuðið. Högginu fylgdi hann eftir með því að hrinda henni á bakið að auki. Ákærði taldi stúlkuna hafa misst rænu við þetta. Ákærða brá þó svo, að hann greip til þess ráðs að hringja á sjúkrahól, en mundi ekki, hvaðan hann hringdi eða í hvaða númer.

Ákærði var á ný yfirheyrður eftir hádegi sama dag, og hófst sú yfirheyrsla kl. 1319. Ákærði kvaðst þá hafa verið einn á ferð í skýlinu, verið einn, er hann hitti stúlkuna, og farið einn með henni í Þverholt. Ekki hafi neinn þriðji aðili komið við sögu í samskiptum þeirra. Aðspurður, hvaða erindi ákærði hafi átt í skýlið, svaraði ákærði á þessa leið:

„Ég var að leita mér að stúlku. Ég var undir áhrifum. Ég sá þessa stúlku og sá líka, að hún var undir áhrifum víns. Það voru einhverjir krakkar í kringum hana. Ég kallaði í hana út úr hópnum og bað hana að tala við mig, sem hún og gerði. Við fórum út úr biðskýlinu við Laugaveginn, þar sem strætisvagnarnir fara niður Lagaveginn. Þar úti spurði ég hana, hvort ég mætti fara upp á hana fyrir þetta vín, eins og ég sagði, og peningana. Hún var strax til í það, og síðan gengum við saman. Við fórum eftir Rauðarárstígnum og að brunarústum Egils Vilhjálmssonar. Þar fórum við inn um glugga á brunnu húsi, hún fór fyrst, en ég ákvað, að þangað skyldum við fara. Ég sá fljótlega, að þar inni var ekkert til að leggja sig á, svo við fórum út aftur. Mér hafði þá komið í hug skúr, sem er rétt hjá heima, og þangað gætum við farið, sem og við gerðum. Ég gat ekki farið inn þar, sem ég á heima, pabbi vill mig ekki þangað.

Frá Rauðarárstíg gengum við veginn, þar sem Dagblaðið er með hús, og síðan inn Þverholtið og beint að skúrnum. Skúrinn er opinn, það er engin hurð fyrir honum. Þar inni er drasl, til dæmis hvítt plast og spýtur. Ég man ekki betur en hún hafi farið fyrst inn í skúrinn og ég strax á eftir. Það var myrkur inni í skúrnum og ekki hægt að kveikja ljós. Hún byrjaði á því að kyssa mig, og ég tók á móti með kossum, en áður hafði ég lagt vínið frá mér. Eftir nokkra kossa klæddi hún sig úr buxunum og nærbuxunum líka, en þó bara niður fyrir hné. Ég gerði það sama og hún, klæddi mig úr mínum buxum og nærbuxum, einnig niður fyrir hné. Hún lagðist á bakið, og ég var búinn að leggjast ofan á hana í smá stund, þegar hún sagðist vera hætt við að leyfa mér að fá það hjá henni. Þá greip mig reiði, og ég stóð upp, fór út til að ná í stein, sem ég ætlaði að berja hana með. Hún lá, á meðan ég fór út, og var liggjandi með buxurnar niður um sig, þegar ég kom inn í skúrinn með steininn. Með honum barði ég hana í hausinn, en man ekki nákvæmlega hvar, en sennilega í 3 skipti. Hún talaði ekk-

ert við mig eftir högginn, en það umlaði í henni. Ég var með kveikjara á mér og tók hann upp til að lýsa framan í hana. Ég sá, að það var mikið blóð í andlitinu hennar. Ég var með tvö skrúfjárn á mér, annað lítið, en hitt stórt. Ég tók upp stóra skrúfjarnið og stakk hana með því í brjóstið held ég, en man ekki, hvort ég gerði það í gegnum fötin eða eftir að hafa fært þau upp fyrir brjóstin á henni. Ég stakk hana nokkrum sinnum, en man ekki, hversu oft. Síðan stakk ég hana í höfuðið, en ég man ekki hvar eða hversu oft, en alla vega í nokkur skipti. Þegar þetta var búið, rann af mér vinið.“

Er gengið var frekar á ákærða, kannaðist hann við að hafa notað kveikjarann frekar og sagði:

„Já, ég gerði það. En það var áður en ég barði hana í hausinn. Ég setti kveikjarann í klofið á henni, og hárin þar sviðnuðu. Hún kipptist við, en lá samt kyrr. Strax á eftir þessu fór ég út til að ná í steininn og barði hana með honum eftir að hafa sviðið hárin við kynfæri hennar. Ég gerði þetta af þeirri ástæðu, að hún hætti við að leyfa mér að fá það hjá henni, ég var svo ofsa reiður. Þegar ég áttaði mig á öllu þessu blóði, hljóp ég eitthvað, man ekki hvert, og hringdi á sjúkrahúsið og bað þá um að koma fljótt. Það getur vel verið, að ég hafi beðið einhvern um að hringja fyrir mig, ég man þetta ekkert, ég var í svo miklu uppnámi.“

Í lok yfirheyrslunnar var ákærði spurður, hvernig hann hafi skilið við stúlkuna, og er niðurlagið svohljóðandi:

„Hann segir: „Áttu við, hvort ég hafi breitt eitthvað yfir hana?“ Mætti er spurður, af hverju slík athöfn komi upp í huga hans.

Hann segir: „Ég hélt, að þú ættir við það, hvort ég hafi breitt eitthvað yfir hana. Ég man ekki, hvort ég gerði það. Ég var í svo miklu uppnámi.“

Þá er mætti spurður, hvort hann hafi notað eitthvað af því dóti, sem í skúrnum var, til að koma í veg fyrir hljóð frá stúlkunni. Svarar hann þessu neitandi.

Hann er spurður, hvort hann hafi notað eitthvað af hinu hvíta plasti, er hann segir m. a. vera í skúrnum. Svarar hann því til neitandi, eða eftir því muni hann ekki.“

Ákærði var færður samdægurs fyrir dóm. Hann játaði þá skýlaust að hafa veist að stúlkunni með líkamlegu ofbeldi, margsinnis barið hana með steini, stungið hana með skrúfjárn, borið eld að kynfærum hennar og yfirgefið hana, eftir að hún missti meðvitund.

Við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglunni 27. janúar sl. skýrði ákærði frá atburðum með fyllri hætti en áður og viðurkenndi í upphafi yfirheyrslunnar, að hann hefði haldið undan nokkrum atriðum og greint ranglega frá öðrum. Ákærði bar, að það hefði ekki komið til tals, að hann fengi að hafa kynmök við stúlkuna, þau hafi farið saman til þess eins, að hann

fengi að kyssa hana. Rétt væri, að þau hefðu komið við í brunarústunum á Rauðarárstíg á leiðinni í skúrinn í Þverholti. Þar kvaðst ákærði hafa kysst hana á munninn og hún tekið á móti. Kossar þeirra stóðu mjög stutt, og hljópst stúlkan á brott úr skúrnum og í áttina að Þverholtinu. Ákærða tókst að grípa hana, er hún var komin talsvert upp fyrir horn, og stöðva hana. Ákærði sneri upp á hönd hennar og náði að taka upp stein rétt við ofanverðan skúrinn og sló stúlkuna með honum í höfuðið, sennilega ekki nema eitt högg. Síðan dró ákærði stúlkuna rænulitla niður með skúrnum og inn í hann. Ákærði sagði stúlkuna hafa fallið við fyrsta högggið og lent utan í skúrnum. Áður en hann dró stúlkuna inn í skúrinn, kvaðst hann hafa stungið hana nokkrar stungur í andlitið með skrúfjárnri því, sem hann var með. Síðan kom ákærði stúlkunni fyrir á hurð inni í skúrnum. Þar sló hann hana með steini 3 eða 4 högg í höfuðið til að þagga niður í henni, en frá henni komu einhver hljóð. Ekki mundi ákærði gjörsla, hvort hann hefði tekið fyrir munn stúlkunnar, áður en hann veitti henni fleiri högg, en sig rámaði í, að hann hefði gripið eitthvað nærliggjandi drasl, bréf eða annað, og sennilega komið því fyrir í munni hennar. Eftir að ákærði veitti stúlkunni högginn, stakk hann hana viðs vegar um andlitið með skrúfjárnri. Að því loknu kvaðst hann hafa fært stúlkuna úr buxunum niður fyrir hné og þá farið sjálfur úr buxum og nærbuxum. Þá lagðist hann ofan á stúlkuna, og var ætlunin að hafa við hana samfarir. Ákærða reis hins vegar ekki hold. Því færði hann upp um sig buxurnar á ný. Þessu næst tók ákærði kveikjara og bar logann upp að kynfærum stúlkunnar „til að gera eitthvað, sem hann segist ekki geta lýst.“ Skapahárin hafi sviðnað, enda hélt hann loganum nokkra stund. Síðan bar ákærði logann að brjóstum hennar og taldi sig hafa sviðið sennilega vinstra brjostið. Ekki kvaðst ákærði átta sig á, hve lengi hann hélt loganum við brjostið.

Ákærði kom á ný fyrir dóm 3. febrúar sl. Þá kvaðst ákærði vilja koma því að, að fyrir þennan umrædda dag hafi hann hitt þessa sömu stúlku niðri í miðbæ. Hann minnti, að hún hefði verið með fleiri krökkum. Ekki þekkti ákærði stúlkuna. Hafi stúlkan komið til hans að fyrri bragði og nauðað í honum að selja sér léttvín, sem hann var með á sér. Gerði ákærði það. Seinna um kvöldið, er hann hitti hana á ný á Hlemmi, fór hún aftur að nauða í honum að selja sér áfengi. Samþykkti ákærði það gegn því, að hann fengi að kyssa hana. Nánar mundi ákærði ekki eftir aðdragandanum að því, að þau fóru að skúrnum. Stúlkan hefði ekki lofað sé öðru en kossi. Ákærði sagði, að frásögn sín af atburðum hjá rannsóknarlögreglu 27. janúar sl. væri rétt.

Eftir birtingu ákæru í dóminum 6. október sl. kvaðst ákærði ekki mót-mæla því, að hann hefði gerst sekur um líkamsárás, en neitaði, að fyrir sér hefði vakað að fremja manndráp og nauðgun. Ákærði neitaði að hafa

skilið stúlkuna eftir bjargarlausa án þess að gera nokkrar ráðstafanir vegna ásigkomulags hennar. Ákærði kvaðst ekki mótmæla því sérstaklega, að áverkar á stúlkunni hafi verið af völdum atlögu sinnar.

Ákærði var að lokum yfirheyrður í dómnum 15. f. m. Ákærði sagði, að ekki hefði verið um það að ræða, að hann hefði mælt sér mót við stúlkuna á Hlemmtorgi, er hann seldi henni áfengi fyrir um daginn. Ákærði kvaðst nú ekki muna, hvað átti sér stað fyrir utan skúrinn, en hann efaðist ekki um, að hann hafi veitt stúlkunni þá áverka, sem á henni voru. Aðspurður um það, sem átti sér stað inni í skúrnum, kvaðst ákærði aðeins muna eftir steininum og skrúfjárninu. Steininn notaði ákærði til að slá stúlkuna með í höfuðið, en mundi ekki, hve oft hann sló hana. Ákærði mundi eftir að hafa stungið stúlkuna með skrúfjárninu, en það hafi ekki verið eins oft og gögn málsins bæru með sér. Ákærði kvaðst ekkert hafa munað eftir kveikjaranum, fyrr en hann var minntur á hann. Þá rifjaðist upp, að hann „hefði eitthvað brennt“ stúlkuna. Ekki kvaðst ákærði muna, hvort hann tók stúlkuna úr fötunum, og vísaði í því sambandi á hið háa alkóhólmagn í blóði sínu.

Aðspurður, hvað vakað hefði fyrir ákærða með því að fara með stúlkuna í skúrinn, sagði hann, að stúlkun hefði gefið sig á tal við hann á Hlemmi og viljað fá meira áfengi. Úr hafi orðið, að stúlkun hafi komið með honum og lofast til að kyssa hann fyrir. Í skúrnum leitaði ákærð á stúlkuna, sem hann taldi, að hefði gefið sér undir fótinn. Stúlkun ýtti ákærða frá sér harkalega, og féll hann um koll. Stúlkun hljóp út úr skúrnum og ákærði á eftir henni og síðan myndi hann ekki meir. Ákærði kvaðst ekki muna eftir að hafa leyst niður um sig í því skyni að hafa samfarir við stúlkuna. Ákærða var bent á, að fram hefði komið, að hann hefði hætt við samfarirnar, þar sem honum hafi eigi risið hold. Ákærði kvaðst þá hafa sagt það, sem honum fannst sennilegast, en hann myndi raunverulega ekki eftir neinu nema steininum og skrúfjárninu. Ákærði mundi eftir að hafa breitt plast yfir stúlkuna, en að öðru leyti mundi hann ekki eftir viðskilnaðinum við hana. Ekki mundi ákærði, hvert hann fór, er han skildi við stúlkuna, og ekki eftir handtöku sinni. Ákærði kvaðst ekki vefengja skýrslu sína frá 27. janúar sl.

Ákærði sagði að lokum, að þjófnaðinum 3. desember 1981 væri rétt lýst í ákæru.

Í vottorði prófessors Þorkels Jóhannessonar, forstöðumanns Rannsóknastofu í lyfjafræði, segir um rannsókn á blóðsýni og þvagsýni, sem ákærða voru tekin eftir handtöku:

„Magn alkóhóls í blóði var 2.16%. Barbitúrsýrusambönd voru ekki í mælanlegu magni í blóðinu. Leitað var að benzodíazepínsamböndum í blóði. Í blóðinu var díazepam 500 ng/ml og umbrotsefni þess, nordíazepam

(desmetýldíazepam) 500 ng/ml og auk þess nítrazepam 50 ng/ml. Önnur benzódíazepínsambönd voru ekki í blóðinu. Í þvagi fannst 7—amínó-umbrotsefni nítrazepams. Magn alkóhóls í þvagi var 1.14‰.

Niðurstöðutölur þessara rannsókna benda eindregið til þess, að maðurinn hafi verið ölvaður, þegar sýni voru tekin. Magn benzódíazepínsambanda benda til töku díazepams og nítrazepams í lækningalegum skömmtum. Þessi lyf og alkóhól hafa samverandi verkun. Maðurinn hefur þannig verið með öllu ófær um að stjórna vélknúnu ökutæki.“

Við meðferð málsins hafa verið lögð fram nokkur læknisvottorð varðandi skoðun, meðferð og áverka stúlkunnar A. Samkvæmt þeim er ekki hægt að gefa endanlegt vottorð um ástand hennar, og er ekki ólíklegt, að hún þurfi að fara í fleiri aðgerðir. Vottorðin eru þessi:

1. Vottorð Rögnvalds Þorleifssonar, læknis á slysadeild Borgarspítalans, dagsett 5. desember 1981:

„Þ. 5/12 1981, kl. 02.10, var flutt á Slysadeildina stúlka, er reyndist vera fyrrgreind A.

Þær upplýsingar fylgdu henni, að hún hefði skömmu áður fundist liggjandi í skúr í miðbæ Reykjavíkur, næstum nakin og mjög illa til reika að öðru leyti.

Skoðun við komuna á Slysadeildina leiddi í meginatriðum eftirfarandi í ljós: Sjúkl. var mjög köld á að taka og hiti mældist neðan við 34°C. Hún var nokkuð bláleit á vörum og víðar. Hún umlaði nokkuð, en var a. ö. l. rænulaus og svaraði ekki tiltali. Hún var alblóðug í andliti og á höfði.

Af ytri áverkum greindust þessir helstir: Allur hægri andlitshelmingur var marinn og blár og blæðing kringum hæ. aug. Ca. 2 cm skurður var á vi. kinn og auk þess fleiðursár þar. 6 cm skurður var í enni, upp við hársrætur. Síðar kom einnig í ljós tættur og marinn skurður á hnakka, ca. 5 — 6 cm langur og marflekkuur í kringum hann.

Hæ. ytra eyra var mjög tætt og marið. Skurðir voru aftan við eyrað. Stunguskurðir, einn eða fleiri utanvert við hæ. auga, virtust ná inn í augntóft. Ljósop hæ. auga var ofurlítið víðara en þess vinstra, en við frumrannsókn var ástand hæ. auga ekki nánar kannað. Við lauslega skoðun virtist sjálft augað þó ekki skaddað.

Alls voru um það bil 19 lítil stungusár hæ. megin í andlitinu og í kringum hæ. auga.

Fremur óljósar roðarendur voru á hálsi, framan til og hliðlægt báðum megin.

Framan á vi. brjósti og ofan geirvörtu og upp frá brjóstinu á svæði, sem var u. þ. b. 10 cm í þvermál, var 21 stungusár, hvert um sig u. þ. b. 1 cm á lengd. 5 stungusár með sams konar útliti voru framan á vi. læri

litlu neðan við nárann. Vi. geirvarta og blettur út frá henni var brenndur, að því er virðist með III.° bruna. Brunasvæði þetta er ca. 3 x 3 cm að stærð. Brunablettir með sams konar útliti, þ. e. a. s. hvítleitri húð og bendandi til III.° bruna, voru í klofi sjúklings, annars vegar á hæ. læri innanverðu upp undir hæ. skapabarmi (labium majus). Þessi blettur var ca. 6 x 2½ cm að stærð. Sams konar brunablettur var innan á vi. læri, sem náði að hluta til yfir á skapabarminn. Blettur þessi var nokkru lengri, eða líklega ca. 8 cm á lengd. Skapabarmurinn og munaðarhóllinn (mons veneris) vi. megin var nokkuð brenndur. Það blæddi frá fæðingarvegi.

Smá skrámur voru framan á vi. fótlegg. Marblettur var á vi. rist.

Þverlæg grunn fleiður voru aftan á þjóhnöppum og spjaldhrygg.

Maráverki var á hæ. hendi og hæ. úlnlið.

Gerðar voru strax ráðstafanir til þess að gefa sjúklingi vökva í æð og útvega blóð. Blóðþrýstingur var þokkalegur við komu, en féll síðan, batnaði þó fljótt, er sjúkl. fékk vökvann.

Sjúkl. var hituð upp með þar til gerðum teppum og teknar síðan röntgenmyndir af brjósti og kviðarholi. Í ljós kom, að loftleki var á vi. lunga og samfall á því.

Á röntgenmyndum af kviðarholi sást ekkert athugavert.

Tölvusneiðsmyndir voru teknar af höfði sjúklings, og greindist þar ekki brot né áverki á heila.

Tilkvaddur var kvensjúkdómalæknir (Andrés Ásmundsson), sem kannaði áverka á getnaðarfærum sjúklings og skoðaði hana m. t. t. hugsanlegrar nauðgunar. Skv. bókun var all stór og djúpur skurður vi. megin milli skapabarma og fram fyrir sníp (clitoris). Saumaði hann þetta sár. Undirrituðum er ekki nánar kunnugt um innri áverka sjúklings á þessum stað.

Á skurðstofu var síðan komið fyrir sogslöngu í vi. fleiðruholi (pleura) og það tengt við sog á venjulegan hátt. Skv. röntgenmynd þandist lungað þá út með eðlilegum hætti.

Jafnframt var gert að hinum fjölmörgu stungusárum framan á brjósti, læri og í andlitinu. Flipaplastic var gerð í hnakka sjúklings til þess að takast mætti að þekja svæðið, sem höfuðleður vantaði á. Auk þess kom í ljós á hvirflinum framarlega 2 cm sár, sem var saumað.

Tætlurnar á ytra eyranu hæ. megin voru sniðnar nokkuð til og hagrætt og eyranu a. ö. l. hagrætt og saumað saman, þannig að áferð varð all góð.

Eftir rannsókn þessa og meðferð, sem var all tímafrek og umfangsmikil, hafði almennt ástand sjúklings ekki breyst að neinu verulegu marki. Hún var enn rænulaus að mestu, kveinkaði sér þó og byltili sér.

Að aðgerðum loknum skoðaði augnlæknir (Guðmundur Viggósson) sjúkl. á Gjörgæsludeild Bsp. Skv. viðtali undirritaðs við hann hefur sjúkl. hlotið verulegan áverka á hæ. auga, sem virðist stafa af þungu höggi á

augað. Augasteinninn er skaddaður, og telur augnlæknirinn, að það hljóti að leiða til vaxandi starblindu á auganu. Hann telur líklegt, að síðar meir þurfi að skera augað upp til að bæta úr blindunni að því marki, sem það reynist unnt. Hann taldi sig ekki geta með neinni nákvæmni metið það, hvort ytri stjórnstöðvar augans eða taugar í augntóft væru sködduð, en kvað ekkert benda ákveðið í þá átt. Hann kvað vi. auga vera eðlilegt og óskaddað.

Geta ber þess, að efni, sem líktist mylsnu úr frauðplasti, var í munni sjúkl., en ekki sýnilegir áverkar í munnholi.

Ljóst er þannig, að sjúklingur hefur hlotið mjög víðtæka áverka, sérstaklega höfuðáverka, varanlega áverka á hæ. auga, brjóstholsaverka, víðtæka skurðáverka og auk þess áverka á ytri getnaðarfæri og fæðingarveg. Ennfremur III.° brunabletti.

Ástand sjúklings gefur ekki tilefni til að ætla, að áverkarnir reynist lífs-hættulegir.“

2. Vottorð Andrésar Ásmundssonar, sérfræðings í kvensjúkdómum og fæðingarhjálp, dags. s. d.:

„Um kl. 03 hinn 5/12 1981 var hringt í mig frá Slysavarðstofunni og ég beðinn að skoða stúlku vegna gruns um nauðgun. Þegar ég kom í Borgarspítalann, var verið að taka fjölda röntgenmynda af stúlkunni, sem var meðvitundarlaus. Persónuskilríki gáfu til kynna, að stúlkun væri A, f. ... '66, nafnr. ..., til heimilis að ... í Reykjavík. Var mér tjáð, að stúlkun hefði fundist meðvitundarlaus, alblóðug í skúr í Þverholti. Röntgenmynd sýndi, að vinstra lunga var samfallið, og var því stungið gúmmíröri inn í lungnasekkinn þeim megin og stöðugt sog sett á, svo að lungað gæti þanist út.

Vegna ofangreindra rannsókna og aðgerðar komst ég ekki að til að skoða stúlkuna fyrr en um kl. 05.30. Allsterk áfengislykt var úr vitum stúlkunnar. Hún svaraði ekki nafni, en hreyfði sig og varði við sársauka. Höfuð hennar var alblóðugt, og hafði hún marga skurði í hársverðinum. Glóðarauga hægra megin, og var sjáaldrið á hægra auga mikið víðara en á vinstra og dró sig ekki saman við ljós. Við hægra munnvik var frekar lítið, en að því er virtist djúpt sár, óreglulega lagað, líkast því, að það væri eftir stungu, en hefði rifnað út úr stungunni. Á húð yfir vinstri helmingi brjóstkassans var fjöldi af smá stungum. Merki eftir sams konar stungur voru á kvið og vi. læri framanverðu, ofarlega. Voru stungurnar margar og lágu þétt. Ofarlega á innanverðu h. læri var um 8 cm langt og 1 cm breitt brunasár. Einnig voru merki um bruna á h. labium minor (blygðunarbarminum minni) og á lærum rétt fyrir aftan kynfærin. Hár á kynfærum vinstra megin höfðu verið sviðin burt. Á mótum minni og stærri blygðunarbarmsins vinstra megin var um 7 cm langt, djúpt sár með sléttum köntum, og náði

sárið upp á lífbein. Saumaði ég þetta sár. Þroti var í litlu blygðunarbörmunum frammi við snípinn. Kynfærin voru alblóðug. Stúlkan hafði í leggöngum bómullartappa og var greinilega með tíðir. Meyjarhaftið var órofið og engin merki um blæðingu þar. Meyjarhaftið var eftirgefanlegt og var auðvelt að þreifa leggöngin með tveim fingrum. Fullt var af blóði í leggöngum, en ekki var hægt að sjá neinn áverka þar inni. Sýni af blóðinu í leggöngunum var tekið á glerplötu og sent í Rannsóknastofu Háskólans til að leita að sáðlum.

Til viðbótar ofangreindum áverkum má geta þess, að hægri eyrnasneppill var rifinn. Samkvæmt upplýsingum Slysavardstofunnar var líkamshiti stúlkunnar undir 34 gráðum.

Samkvæmt ofanrituðu hefur stúlkan orðið fyrir lífhættulegri líkamsárás og skilin eftir á afviknum stað. Fjöldi áverkanna og brunasár benda til sadistiskra tilhneyginga árasarmannsins. Útlit áverkanna bendir til þess, að notað hafi verið tiltölulega mjótt, skerandi verkfæri. Ekki verður af skoðuninni ráðið, hvort árasarmaðurinn hafi haft við hana samfarir, en ólíklegt verður það að teljast, því að bómullartappinn í leggöngunum var það digur, að erfitt hefði verið fyrir penis að fá pláss líka.“

Samkvæmt vottorði frá Rannsóknastofu Háskólans í meinafræði fundust ekki sæðisfrumur í ofangreindu sýni.

3. Vottorð Rögnvalds Þorleifssonar, dagsett 27. mars sl.:

„Eins og fram kemur í frumvottorði, voru brunaáverkar á vinstra brjósti sjúklings og ytri getnaðarfærum svo og innanvert á hæ. læri upp við nára. Með því að upphaflega var ekki ljóst, hversu djúpur bruninn væri á öllum stöðunum, var beðið átekta, þar til dauði vefurinn hafði afmarkast.

Þ. 22/12 var síðan gert að brunaáverkunum á getnaðarfærunum og innanvert á hæ. læri. Dauð húð var þá klippt burtu af innanverðu lærinu, og varð eftir það sár, ca. 8 x 4 cm að stærð. Þetta sár var þakið með mjög þunnri húðbót, sem tekin var utanvert af vi. mjöðm sjúklings. Bruna-svæðið á vi. skapabarmi reyndist vera ca. 8 x 2 cm að stærð, og var þar um að ræða bruna í gegnum húðina. Þetta svæði var einnig hreinsað upp þ. 22/12 og flutt á það mjög þunn húðbót eins og sárið innanvert á vi. læri.

Ekki þótti ástæða til að gera neitt að brunaáverkanum á vi. brjósti, enda hafði þar myndast þurr skorpa, sem síðan datt af, er sárið var gróíð undir henni.

Húðbæturnar, sem fluttar voru á brunasvæðin, greru eðlilega og vandkvæðalaust við sárgrunninn, og var meðferðinni á brunaáverkunum þar með lokið. Undirritaður hefur ekki skoðað sjúkl. í seinni tíð m. t. t. þessarra áverka, en ekki er ástæða til að ætla, að þeir verði sjúklingi að neinu verulegu meini.

Ekki er ólíklegt, að örvefur hafi gróíð fyrir mjólkurgangana í vi. geir-

vörtu. Úr því verður varla skorið fyrr en á kann að reyna. Vafasamt er, hvort hægt yrði þá að opna gangana, þó sýnist það ekki óhugsandi.

Nefna ber, að áverkarnir í höfuðleðri sjúklings og ytra eyra hennar svo og stungusár víðs vegar greru eðlilega og án fylgikvilla. Nokkur ör urðu eftir stungusárin einkanlega.

Undirrituðum er kunnugt um, að sjúkl. hefur verið skorin upp oftár en einu sinni vegna æðaáverka í höfði, er hún hlaut þ. 5/12, og mun meðferð á þeim áverka ekki enn lokið. Vísast að öðru leyti til umsagnar hlutaðeigandi lækna.“

4. Vottorð Arons Björnssonar, aðstoðarlæknis á skurðlækningadeild Borgarspítalans, dags. 15. apríl sl.:

„Vísað er til vottorða, útgefina af Rögnavaldi Þorleifssyni þann 5. 12. 81 og 27. 3. 82.

Til viðbótar þeim áverkum, sem áður hafa verið tíundaðir, hefur komið í ljós við frekari rannsóknir æðaskemmd í höfði, sem myndast hefur við árásina þann 5. desember 1981. Þessi æðagalli hefur m. a. valdið verulegum þrýstingi aftan á hæ. auga, þannig að það er nú áberandi mikið útstætt miðað við það vi. Þrjár aðgerðir hafa þegar verið framkvæmdar hér á Borgarspítalanum, allar í janúarmánuði '82, til lagfæringar á áðurn. skemmd, en þær hafa ekki borið tilætlaðan árangur. Það er þess vegna sem A er send utan til Hanover í New Hampshire í Bandaríkjunum þann 13. 4. 1982 til framhaldsmeðferðar á títtnefndri skemmd.

Frekari vottorð varðandi þetta atriði verða að biða enn um sinn, þar til árangur þessarar síðustu meðferðar verður að fullu ljós. Bjarni Hannesson, taugaskurðlæknir, mun væntanlega gefa út slíkt vottorð síðar.

Það er rétt að taka það fram einnig, að A var í aðgerð á vegum háls-, nef-, og eyrnalækna (Stefáns Skaftasonar) hér á Borgarspítalanum í marsmánuði '82 vegna áverkans á vi. eyra og lömunar í andliti, og vísast til umsagnar Stefáns Skaftasonar varðandi það atriði.“

5. Vottorð Stefáns Skaftasonar, yfirlæknis háls-, nef- og eyrnadeildar Borgarspítalans, dagsett 4. maí sl.:

„Ofangreindur sjúklingur varð fyrir líkamsárás þ. 5. 12. '81 og lá lengi á handlækningadeild Borgarspítala af þeim orsökum. Fékk þá allmikinn höfuðáverka með þeim afleiðingum m. a., að vinstri hluti andlits varð lamaður, og sjúklingur fékk heyrnardeyfu á vinstra eyra. Við skoðun á eyranu kom í ljós, að stórt gat var á vinstri hljóðhimnu, sem orsakaðist af áðurnefndu höfuðhöggi, enda hafði sjúkl. allengi eftir á útferð úr eyra, í upphafi blóðlitaða.

Með tilliti til áðurnefndrar heyrnardeyfu var ákveðið að leggja inn sjúkl. á háls-, nef- og eyrnadeild Borgarspítalans og gera heyrnarbætandi aðgerð á henni og samtímis kanna svæði það í miðeyra, sem andlitstaugin gengur

í gegnum, þar eð ástæða var til að ætla, að höfuðkúpan hafi brotnað og brotflétir legið í gegnum þennan hluta miðeyrans og valdið þannig lömun á andlitsvöðvum sjúklings vinstra megin.

Sjúkl. var því lagður inn á háls-, nef- og eyrnadeild Borgarspítalans þ. 21. 3. '82 og lá inni til og með 26. 3. '82.

Þ. 22. 3. '82 var gerð áður nefnd aðgerð á sjúklingi og framkvæmd svokölluð tympanoplastik nr. I á vinstra eyra ásamt mastoidectomia totalis sinister.

Grædd var ný hljóðhimna á sjúkling, og auk þess var svæði það, sem andlitstaugin gekk í gegnum, kannað mjög rækilega, og sáust þar engar brotlínur, er skýrt gætu lömun sjúklings. Er því orsök lömunarinnar að leita enn hærra en samsvarar þessu svæði og sennilega alveg uppvið höfuðkúpubotn (basis cranii).

Ástæða er til að ætla, að A fái eðlilega heyrn á vinstra eyra eftir hljóðhimnuágræðsluna, en engan bata á andlitslömuninni eftir aðgerðir þessar. “

6. Vottorð Bjarna Hannessonar, lækni á skurðlækningadeild Borgarspítalans, dags. 4. nóvember sl.:

„Í bréfi yðar frá 8. okt. 1982 er farið fram á að fá nýtt læknisvottorð um heilsufar A, f. ...'66, og um þá lækni meðferð, sem hún hefur hlotið, frá því að fyrri vottorð voru gefin út. Sjúkl. hafði fengið slæman höfuðáverka við árásina, og sem afleiðingu af því var sjúkl. með lömun vi. megin í andliti, hún fékk fistil á milli aðalslagæðar og aðalbláæðar til heilans hæ. megin, og orsakaði það, að sjúkl. er með mjög útstandandi auga h. megin með þrota í augnloki og slímhimnum, þá var sjúkl. með minnkaða heyrn báðum megin og var með gat á hljóðhimnu á vi. eyra, og miðeyrnabein voru sömuleiðis úr liði skv. tölvusneiðmyndum. Í apríl s. l. fór sjúkl. í aðg. við Dartmouth Medical School affiliated Hospital, og þar var gerð aðgerð á sjúkl., og nervus facialis vi. megin var frílögð, og við skoðun þann 21. 10. 82 kemur í ljós, að sjúkl. hefur fengið töluv. mátt í vi. helming andlits, og má reikna með því, að sá bati haldi áfram, og er trúlegt, að sjúkl. fái fullan mátt í andlitið. Í sömu sjúkdómslegu í apríl voru undirbundnar æðar, sem liggja að ofan nefndum fistli á milli slagæðar og bláæðar h. megin í höfði sjúkl., og við þá aðgerð fékk sjúkl. talsv. bót, en augað er ennþá útstandandi, og er það töluv. lýti, aftur á móti hefur sjúkl. fulla sjón á auganu, og sjónhimnan er nú við síðustu skoðun augnlækni eðlil.

Í dag er því ekki hægt að gefa endanlegt vottorð um ástand sjúkl., og það er ekki ólíklegt, að sjúkl. þurfi að fara í fleiri aðgerðir varðandi fistilinn, sem hún hefur á milli slagæðar og bláæðar hæ. megin. Sömuleiðis þarf sjúkl. að fara aftur í heyrarmælingar, og vísast til Stefáns Skaftasonar lækni varðandi það atriði.“

7. Vottorð Stefáns Skaftasonar, dags. 18. f. m.:

„Það vottast hér með, að ofangreindur sjúkl. hefur verið í heyrnarfræðilegri rannsókn hjá undirrituðum í dag. Svokölluð tónheyrnarmæling sýnir miðlæga heyrnardeyfu fyrir hátíðnistóna 2000 rið og þar yfir á báðum eyrum. Auk þess hefur sjúkl. leiðslutrúflun í hæ. miðeyra. Heyrnarþröskuldur er við 25 heyrnareiningar á hæ. eyra og 20 heyrnareiningar vi. eyra. Talgreining er 100% á báðum eyrum.

Niðurstaða þessarar rannsóknar leiðir því í ljós, að áðurgreindur sjúkl. hefur hátíðnisheyrnartap á báðum eyrum, sem rekja mætti til höfuðáverka þess, er hún varð fyrir í ágústmánuði 1981.

Þar sem engar heyrnarmælingar eru tiltækar á sjúkl. fyrir það slys, er ekki mögulegt að bera saman heyrnarrit tekin bæði fyrir og eftir áverkann. Ég byggji því þessa niðurstöðu mína hvað varðar heyrnartap það, er A hefir í dag, á reynslu minni, er ég hef fengið við heyrnarrannsóknir sjúkl., er hlotið hafa höfuðáverka og verið í heyrnarfræðilegum rannsóknnum hjá mér af þeim sökum.“

Ákærði hefur langan afbrotaferil að baki og hefur sætt kærnum og refsingum sem hér greinir:

- 1970 16/1 Reykjavík: Dómur: 1 árs fangelsi, skilorðsbundið í 3 ár, fyrir brot gegn 155., 244. og 259. gr. hegningarlaga, sbr. 20. gr.
- 1970 20/2 Reykjavík: Dómur: 15 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 155. gr. og 244. gr. hegningarlaga. (Dómur uppkvaðinn 16. janúar 1970 dæmdur með).
- 1971 4/5 Reykjavík: Dómur: 5 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga.
- 1971 15/7 Reykjavík: Dómur: 5 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga.
- 1972 4/4 Reykjavík: Dómur: 6 mánaða fangelsi fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga.
- 1973 5/1 Reykjavík: Dómur: 15 mánaða fangelsi fyrir brot á 217., 244. og 245. gr. hegningarlaga.
- 1973 14/2 Reykjavík: Dómur: Sakfelldur fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga. Ekki gerð sérstök refsing, sbr. 78. gr. hegningarlaga.
- 1974 11/3 Reykjavík: Dómur: Sviptur sjálfræði skv. 1., 3. og 4. tl. 5. gr. laga nr. 95/1947.
- 1974 19/8 Reykjavík: Sátt, 3.000 kr. sekt fyrir brot gegn 21. gr. áfengis-laga.
- 1975 20/6 Reykjavík: Dómur: 15 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. og 1. mgr. 259. gr. hegningarlaga, 25. gr., 27. gr. og 3.

mgr. 80. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga. Sviptur rétti til ökuleyfis í 1 ár frá 20/6 1975.

- 1976 28/6 Reykjavík: Sátt, 2.000 kr. sekt fyrir brot gegn 21. gr. áfengislaga.
- 1977 4/2 Reykjavík: Dómur: 2 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga.
- 1979 26/10 Reykjavík: Sátt, 6.000 kr. sekt fyrir brot gegn 21. gr. áfengislaga.
- 1980 4/3 Reykjavík: Dómur: 6 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga.
- 1980 1/4 Reykjavík: Dómur: 3 mánaða fangelsi (hegningarauki) fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga.
- 1981 12/2 Reykjavík: Dómur: 8 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga.
- 1981 18/11 Reykjavík: Sátt, 120 kr. sekt fyrir brot gegn 21. gr. áfengislaga.

Á meðan á rannsókn málsins stóð, hafði Karl Strand yfirlæknir ákærða til geðrannsóknar. Skýrsla um þá rannsókn liggur fyrir í málinu og er dagsett 31. mars 1982. Niðurstaða skýrslunnar er á þessa leið:

„H. I. H. er persóna, sem ólst upp utan foreldraheimilis mikinn hluta bernsku sinnar og þá ætíð vansæll. Í fjölskyldu hans má finna drykkjuhneigð á aðra hlið, en geðkvilla á hina. Bróðir hans er geðveikur um langan tíma. Skólanám var slitrótt og gagnslítið, og maðurinn er mjög ófróður í bóklegum fræðum og um almenn þekkingaratriði. Hann er treggáfaður og hefir engan áhuga á að afla sér fræðslu, les þó bibliuna með sprettum.

Hann hefir reykt og neytt áfengis nær stöðugt frá fermingaráldri, stöku sinnum getað hætt að drekka fáeinar vikur, en aldrei til lengdar. Þá hefir hann notað lyf sem vímugjafa, ýmsar tegundir, þó ekki ópíum, heroin né kokaine, svo vitað sé. Er mjög háður áfengi og lyfjum.

Kynlíf hans er misheppnað, og dulin kynvilluhneigð er að líkindum til staðar.

Hann hefir framið fjölda afbrota, sem nær öll eru þjófnaður í margskonar formi, í auðgunarskyni. Vitað er um eina árás á mann með hníf, en engar árásir á konur nema þjófnað á tösku með valdi.

Þetta síðasta brot vitnar um hóflausa reiði og misþyrmingu, sem minnir á kvalalosta (sadism). Hann kann skil á réttu og röngu, en missir stjórn á skapi sínu drukinn og undir áhrifum lyfja. Ekki er vitað til, að hann hafi misþyrmt konu fyrr á þennan hátt né neytt konur til kynmaka.

Geðrannsókn leiðir í ljós greinilega geðvilluskapgerð — psychopathic personality —, kaldlyndi, kæruleysi, takmarkaða siðferðiskennnd og van-

hæfni að læra af reynslu. Refsingar í formi sekta og fangavistar breyta ekki hátterni hans til batnaðar.

Einkenni um virka geðsjúkdóma finnast ekki hjá H. I. H. Að áliti geðlæknis er hann sakhæfur.“

Skýrslunni um geðrannsóknina fylgdi skýrsla frá Kristni Björnssyni sálfræðingi um athugun hans á ákærða. Niðurstaða hans er á þessa leið:

„Hér er um að ræða treggefinn eða tornæman mann, sem auk þess hefur lítt þjálfað hæfileika sína við nám eða þroskandi athafnir.

Hann er haldinn miklum tilfinningalegum dofa eða kaldlyndi ásamt andfélagslegum hneiguðum af því tagi, sem einkennandi eru fyrir geðvilluskapgerð (psychopathy).

Geðheilsa er við mörk þess eðlilega, og persónuleiki er eindregið „schizoid“ og hætta gæti verið á frekari þróun í þá átt.

Geðvilla ásamt „schizoid“ skapgerð hljóta ávallt að gera aðlögun og tengsl við fólk erfið og geta skapað hættu í umgengni við aðra, einkum ef áfengis eða lyfja er neytt.

Með tilliti til greindar og geðheilsu ætti Hallgrími að vera ljósar afleiðingar gerða sinna, hann ætti því að geta borið ábyrgð á þeim og talist sakhæfur.

Vegna skapgerðaeinkenna, er geta gert manninn viðsjárverðan í samskiptum, má telja langvarandi eftirlit eða pössun nauðsynlega, ef hann verður frjáls ferða sinna.

Endurþjálfun mundi krefjast mikils, en væri mikilvægt að reyna. Langvarandi verkþjálfun ásamt slökun og annarri sállæknandi meðferð án lyfjanotkunar, sem framkvæmd væri á lokaðri stofnun, mundi þá helst geta borið árangur.”

Eftir að ákærði og stúlkan yfirgáfu biðskýlið á Hlemmtorgi, eru ekki aðrir til frásagnar um atburðarásina en ákærði. Samkvæmt meginreglu 108. gr. laga nr. 74/1974 verður því að byggja á framburði hans að mestu við úrlausn málsins, þótt framburður hans hafi á ýmsan hátt reynst reikull og gloppóttur. Með játningu ákærða, vettvangskönnun, könnun á klæðum hans og stúlkunnar og öðrum gögnum málsins er sannað, að ákærði veittist með hrottafengnum og hættulegum hætti að stúlkunni, eins og lýst er í ákæru, og með þeim afleiðingum, sem greinir í framlögðum læknisvottorðum, sem rakin hafa verið. Raunar er ekki enn séð fyrir endann á afleiðingum árásarinnar.

Ekki er fyllilega ljóst, hvað vakað kann að hafa fyrir ákærða með atferli sínu, sem vart hefur verið skipulagt fyrirfram, að öðru leyti en því, að hugur hans hafi staðið til að hafa við hana kynferðismök, samfarir eða annars konar mök, sbr. framburð hans um kossaloforð stúlkunnar. Ekki benda gögn málsins til þess, að stúlkan hafi nauðug farið upphaflega með

ákærða, en hún virðist að sögn ákærða hafa reynt að komast brott, er hún varð þess áskynja, hvað vakti fyrir honum. Ekki liggur fyrir vitneskja um, hvað vakað hefur fyrir stúlkunni að fara með ákærða. Þegar mið eru tekin af áfengis kaupum hennar fyrir um daginn, verður að teljast líklegt, að hún hafi viljað fá meira áfengi. Styðst þetta við framburð ákærða. Um þetta verður ekkert þó fullyrt með vissu. Því verður gengið út frá, að stúlk- an hafi farið í upphafi með honum af frjálsum vilja, en viljað losna, er henni var ljóst, hvað vakti fyrir ákærða. Ákærði var þá ekki á því að sleppa henni, heldur elti hana og yfirbugaði. Eftir að hann færði hana á ný í skúr- inn, lét hann ekki þar við sitja, heldur hélt áfram að misþyrma henni. Ekki verður fullyrt með vissu, að ákærði hafi ætlað sér að hafa samfarir við stúlkuna bjargarlausu. Fram hefur þó komið hjá honum við yfirheyrslu, að hann hafi flett hana klæðum og sjálfur fækkað fötum, en hann hafi reynst getulaus til samfara, er á átti að herða. Þá hafi hann reiðst og brennt stúlkuna. Staðreynd er, að stúlkun fannst fáklædd. Það gæti bent til þess, að ákærði hafi ætlað að hafa við hana samfarir, þó slíkt gæti líka bent til annars, svo sem brenglaðrar kynferðistilhneigingar. Verður það að teljast jafnlíklegt, þegar virt er, hvar á líkamanum ákærði brenndi stúlkuna, skapahár og brjóstvörtu, sem bendir eindregið til, að þessi þáttur atlg- unnar hafi a. m. k. stafað af einhvers konar kynferðislegum tilhneingum. Þegar hin takmörkuðu gögn málsins að þessu leyti eru virt, verður því ekki fullyrt með vissu, að ákærði hafi brotið gegn 194. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga með athæfi sínu, heldur beri að heimfæra áráð ákærða undir 202. gr. laganna auk 2. mgr. 218. gr. laganna, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981. Ekki verður heldur fullyrt, að ákærði hafi ætlað að bana stúlkunni vísvit- andi eða honum hafi ekki dulist, að langlíklegast væri, að áverkar hennar mundu leiða til bana. Ekki eru því tók á að heimfæra verknað ákærða undir 211. gr., sbr. 1. mgr. 20. gr. laganna. Hins vegar telur dómurinn, að það háttalag ákærða að skilja hana eftir stórslasaða utan alfaraleiðar og í miklum kulda varði við 1. mgr. 220. gr. laganna, enda þótt hann hafi gert ófullnægjandi tilraun til að hún fengi hjálp. Ekki er vitað, hve löngu það var, eftir að ákærði yfirgaf hana. Ekki verður ákærði einn sakaður um, að hjálpin barst eins seint og raun varð á, og telur dómurinn þessa tilraun vera ákærða til nokkurra málsbóta, þótt hún leysi hann með engu móti undan ábyrgð samkvæmt síðastnefndu lagagreininni.

Þjófnaður ákærða aðfaranótt fimmtudagsins 3. desember 1981 í Safnara- búðinni, Frakkastíg 7 hér í borg, varðar við 244. gr. almennra hegningar- laga.

Refsing ákærða með hliðsjón af 77. gr. laga nr. 19/1940 telst hæfilega ákveðin fangelsi í 10 ár. Gæsluvarðhald ákærða frá 6. desember 1981 allt til þessa dregst frá með fullri dagatölu.

Ákærði greiði sakarkostnaðinn, m. a. saksóknarlaun til ríkissjóðs, að fjárhæð 12.000.00 krónur, en málið flutti af hálfu ákærvaldsins Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari, og réttargæslu- og málsvarnarlaun Arnar Clausen hæstaréttarlögmans, að fjárhæð 24.000.00 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Hallgrímur Ingi Hallgrímsson, sæti fangelsi í 10 ár. Gæsluvarðhald ákærða frá 6. desember 1981 til 7. desember 1982 dregst frá refsingunni að fullu.

Ákærði greiði sakarkostnaðinn, m. a. saksóknarlaun til ríkissjóðs, að fjárhæð 12.000.00 krónur, og réttargæslu- og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnar Clausen hæstaréttarlögmans, að fjárhæð 24.000.00 krónur.

Föstudaginn 30. september 1983.

Nr. 161/1983. **Ríkissaksóknari**

gegn

**yfirsakadómaranum í Reykjavík og
Eggert Bjarna Arnórssyni.**

Kærumál. Frávísunardómur úr gildi felldur. Ákæra.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Ríkissaksóknari hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 171. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða frávísunardómi til Hæstaréttar með kæru, sem skráð er í sakadómsbók 30. ágúst 1983, en vitneskju um dóminn hafði hann ekki fengið fyrr en daginn áður. Hann krefst þess, að frávísunardómurinn verði felldur úr gildi og héraðsdómara verði dæmt skylt að taka málið til dómsmeðferðar og til uppsögu efnisdóms samkvæmt ákæruskjali, útgefnu 2. júní 1983, á hendur varnaraðilja, Eggert Bjarna Arnórssyni.

Varnaraðili, Eggert Bjarni, hefur sent Hæstarétti athugasemdir sínar, dags. 30. ágúst 1983, en frá yfirsakadómaranum í Reykjavík hefur engin greinargerð borist.